

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði

**Hugmyndir um mun á mönnum og
menningu eftir héruðum á Íslandi
1750-1850**

Ritgerð til BA prófs í sagnfræði

Stefán Hrafn Stefánsson

Kt.: 080190-2989

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson

Maí 2017

Ágrip

Skrifað hefur verið um einstaklinga, hópa og þjóðir og þeim gefnar einkunnir en skoðanir á slíkum hópum má finna í ferðabókum manna sem rannsökuðu óþekktar slóðir í öðrum löndum eða héruðum. Í þessari ritgerð verður farið yfir skoðanir á Íslendingum í bæði íslenskum og erlendum ferðabókum á tímabilinu 1750 til 1850 en áhuginn á landinu fór vaxandi á tímabilinu. Þær hugmyndir og skoðanir sem birtast í þessum bókum eru athyglisverðar fyrir þær sakir að þær sýna misjafnar hugmyndir og skoðanir manna frá ólíkum menningarheimum á íbúum landsins. Markmið ritgerðarinnar er að komast að því hvort og hvaða hugmyndir hafi verið á landinu varðandi mun á mönnum og menningu eftir héruðum á Íslandi.

Rannsóknin er áhugaverð í ljósi þess að erlendir ferðalangar álitu gjarnan að allir Íslendingar bæru sameiginleg sérkenni meðan Íslendingar höfðu sjálfir ákveðnar hugmyndir um héraðamun á landinu. Í slíkum skoðunum var íbúum landsins og einstakra héraða eignuð ákveðin sérkenni.

Ritgerðinni er skipt upp í níu kafla eftir efnispáttunum: sögulegur bakgrunnur; útlit og líkamsvöxtur; skapsmunir, hugarfar og lundarfar; málfar; hífýli og hreinlæti; mataræði; klæðnaður; vinna og verkleg kunnátta; skemmtanir. Þá verða skoðanir og hugmyndir ferðalanga og annarra um Íslendinga og héraðamun á landinu metnar og bornar saman með tilliti til ofangreindra efnispátta.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að hugmyndir um héraðamun á mönnum og menningu hafi verið til staðar á Íslandi.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 1 |
| Sögulegur bakgrunnur og vaxandi áhugi á Íslandi | 3 |
| Útlit og líkamsvöxtur | 6 |
| Skapsmunir, hugarfar og lundarfar | 9 |
| Málfar..... | 16 |
| Híbýli og hreinlæti | 20 |
| Mataræði | 24 |
| Klæðnaður..... | 27 |
| Vinna og verkleg kunnátta | 31 |
| Skemmtanir | 38 |
| Niðurstöður | 42 |
| Heimildaskrá..... | 45 |

Inngangur

Þeir erlendu ferðalangar sem komu hingað til Íslands í þeim tilgangi að rannsaka landið og íbúa þess höfðu gjarnan skoðanir sem þeir eignuðu landsmönnum almennt. Þar má nefna ummæli Þjóðverjans Johann Anderson en hann var um skeið borgarstjóri í Hamborg og sló botninn í skrifin um Ísland frá 16. öld til miðrar 18. aldar með ritinu *Nachrichten von Island, Grönland und der Strasse Davis* sem gefið var út árið 1746. Ummæli hans um Íslendinga voru þau að þeir væru hjátrúarfullir, hefnigjarnir, þrætusamir, meinyrtir, lævísir, undirförlir, hóflausir og lostafullir, auk þess að vera þjófóttir og svikulir.¹

Íslendingar höfðu þó ákveðnar skoðanir á íbúum annarra héraða í landinu en ýmsir orðrómar og sögusagnir gengu manna á milli. Gott um slíkar skoðanir er eftirfarandi fjórðungalýsing sem birtist í *Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797* en þar segir:

Austlendingar eiga mest og una verst,
Sunnlendingar selja mest og svíkja flest.
Vestfirðingar vita mest og vilja verst,
Norðlendingar ríða mest og raupa flest.²

Þessi fjórðungalýsing sýnir að einhverjar hugmyndir um héraðamun hafi verið til staðar á Íslandi. Þó lýsingin hafi eflaust verið til gamans gerð og rímið ráðið miklu.

Í þessu samhengi má benda á orð Guðmundar Finnbogasonar um mannlýsingar. Hann álitur svo að dóma um einkenni þjóðar verði að miklu leyti að leiða af dómum um einstaklinga hennar. Þegar sagt er að þjóð sé gáfuð, skáldhneigð, söngvin, glaðlynd, félagslynd, eða gestrisin sé átt við að allmikill hluti þjóðarinnar hafi þessa eiginleika og að heildin sé dæmd eftir einstaklingum hennar.³ Að lokum telur Guðmundur að engin lýsing á einstökum manni geti verið fullkomin lýsing á einkennum þjóðar hans og að lýsing á þjóðinni geti ekki heldur verið lýsing á hverjum einstaklingi hennar.⁴

Þessi orð Guðmundar verða höfð að leiðarljósi við gerð ritgerðarinnar vegna þess að hugmyndir og skoðanir manna voru ekki alltaf byggðar á nákvæmum rannsóknum á hverjum einasta íbúa landa eða héraða heldur stundum þeim orðrófum og sögusögnum sem gengu manna á milli. Þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson höfðu einmitt orð á

¹ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 73, 77.

² Sveinn Pálsson, *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 47.

³ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar*, bls. 271.

⁴ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar*, bls. 1.

því í ferðabók sinni að það væri algengur hugsunarháttur hjá lítt upplýstum almúganum á Íslandi að eigna íbúum annarra héraða svívirðilegan og ósannan vitnisburð. Sögðu það tíðkast um land allt að dæma héruð út frá einstaklingunum sem þaðan komu. Að þeir einstaklingar sem ferðuðust mest væru stundum miklir vandræðagripir og að íbúar annarra héraða hafi álitid svo að allir íbúar þess héraðs sem hann kom frá, bæru sömu einkenni.⁵ Slíkir einstaklingar gátu því ráðið úrslitum þegar kom að skoðanamyndun á íbúum annarra landa eða héraða.

Ógrynni er til af ferðabókum íslenskra og erlenda ferðalanga á landinu og er ómögulegt að taka þær allar fyrir í ritgerðinni. Helstu heimildir ritgerðarinnar verða *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752-1757* og *Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797*. Ásamt erlendum ferðabókum á borð við *Frásagnir um Ísland* eftir Niels Horrebøw (1749-50), *Bréf frá Íslandi* eftir Uno von Troil (1772), *Íslandsleiðangur Stanley 1789*, *Dagbók úr Íslandsferð 1810* eftir Henry Holland, *Ferðabók Ebenezer Henderson 1814-15* og *Saga Íslandsferðanna í Gaimard-leiðangrinum 1835-1836*.

Þær skoðanir sem birtast í ofangreindum ferðabókum eru eins misjafnar og þær eru margar enda skrifaðar af mönnum frá ólíkum menningarheimum.

Ferðabækur íslenskra og erlenda ferðalanga voru hinsvegar ólíkar að því leyti að erlendu ferðamennirnir sem komu hingað til landsins leituðust síður við að greina mun á íbúum landsins eftir héruðum og séreinkennum þeirra. Heldur gerðu þeir einhverskonar samanburð við heimalandið eða önnur lönd sem þeir höfðu ferðast til.

Verk þeirra Eggerts og Bjarna var hinsvegar að mestu reist á þeirra eigin athugunum og var það tímafrekara en önnur verk. Þar gerðu þeir meðal annars allnokkurn samanburð á íbúum landsins eftir héruðum sem erlendu ferðalöngunum tókst ekki að gera vegna stuttrar dvalar á landinu og minni þekkingu á íbúum landsins.

Í ritgerðinni verður farið yfir ýmis ummæli, skoðanir og hugmyndir sem varða menn og menningu með það að markmiði að komast að því hvort og hvaða hugmyndir um héraðamun hafi verið til staðar. Var tilhneyging til að tala um að íbúar og menning væru allstaðar eins eða voru ákveðnar hugmyndir um héraðamun?

⁵ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* II, bls. 44.

Sögulegur bakgrunnur og vaxandi áhugi á Íslandi

Í þessum kafla verður farið yfir þá leiðangra um landið sem koma við sögu í ritgerðinni. Þar verða forystumenn þeirra nefndir til sögunnar ásamt tilgangi þeirra.

Mikil óánægja ríkti á meðal íslenskra menntamanna og upplýstra Dana um þann vitnisburð sem sem erlendir menn höfðu eignað Íslandi og íbúum landsins. Þar gerðu lýsingar Johann Anderson (1674-1743) í ritinu *Nachrichten von Island, Grönland und der Strasse Davis* sem gefið var út árið 1748 útslagið en það þótti óviðunandi að lýsingar hans væru allsráðandi í umræðunni um landið.⁶ Þessar lýsingar hans voru að miklu leyti byggðar á vitnisburði og viðhorfi kaupmanna til Íslendinga og þeim sögum sem gengu meðal þeirra um land og þjóð. Þetta verk Anderson kallaði á viðbrögð af hálfu Dana og Íslendinga.⁷

Vísindafélagið danska sem stofnað hafði verið árið 1742 ákvað að grípa til aðgerða með því að senda Niels Horrebow (1712-1760) til landsins árið 1749 í þeim tilgangi að kanna landið og þjóðhætti þess.⁸ Hann átti að dvelja á landinu um nokkurra ára skeið við þessar rannsóknir sínar en svo fór að hann var kallaður heim áður en hann náði að binda endahnút á verk sitt. Niðurstöður hans birtust í ritinu *Frásagnir um Ísland* sem gefið var út árið 1752. Ritið var einhverskonar deilurit á rit Anderson en Horrebow gaf þar í skyn að rit Anderson væri ekki traust en í ritinu reyndi hann að hrekja þessar lýsingar hans.⁹

Í kjölfarið ákvað Vísindafélagið að standa fyrir nýjum leiðangri til Íslands en tveir Íslendingar voru valdir í verkið. Það voru Kaupmannahafnarstúdentarnir Bjarni Pálsson (1719-1779) og Eggert Ólafsson (1726-1768) sem fengu að glíma við þetta verðuga verkefni. Þeir voru kunnugri öllum aðstæðum á landinu vegna þess að þeir höfðu báðir stundað þar rannsóknir. Markmiðið var að kanna landið með nákvæmari og markvissari hætti en áður hafði þekkt. Þeir ferðuðust um landið að sumri til árin 1752-57 en Vísindafélagið kostaði þennan leiðangur þeirra og hafði eftirlit með honum. Afraksturinn var *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* sem Eggert skrifaði og lauk við árið 1766. Bókin var þó ekki gefin út fyrr en árið 1772. *Ferðabókin* var umfangsmesta heildarlýsing á Íslandi sem gerð hafði verið á þeim tíma og átti þátt í að kveða niður missagnir um landið og íbúa þess en hún var þýdd á ensku, frönsku og

⁶ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 99.

⁷ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 74, 76.

⁸ Lýður Björnsson, „Upplýsing og inréttingar 1741-1783“, bls. 123.

⁹ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 99-100.

þýsku.¹⁰ Í ferðabókinni reyndu þeir Eggert og Bjarni að draga upp eins hlutlæga mynd af landinu og þeir gátu en þeim þótti leitt að erlendir ferðalangar og heimildarmenn þekktu aðeins til í verstöðvunum við sjávarsíðuna. Þar þóttu híbýlin og sóðaskapurinn verri en annarstaðar á landinu og töldu þeir slíkar lýsingar ekki gefa rétta mynd af landinu.¹¹ Þá ber að geta að Eggert Ólafsson var mikill upplýsingarmaður, framfarasinni og skáld en þjóðernissinnaðar skoðanir og hugmyndir hans endurspegluðust oft en ekki í skrifum hans.¹² *Ferðabók Eggerts og Bjarna* átti eftir að hafa mikil áhrif á höfunda ferðabóka síðari tíma.

Danir stóðu fyrir fleiri leiðangrum til landsins á öldinni en árin 1791-1797 var Sveinn Pálsson (1762-1840) sem lokið hafði prófi í náttúrufræði fenginn til að gera rannsóknir á náttúru og jöklum landsins. Hann ferðaðist um landið með styrk frá danska náttúrufræðifélaginu og gerði merkar lýsingar á landinu. Þar á meðal lýsingar á íbúum þeirra sýsla sem hann ferðaðist um.¹³

Áhuginn á Íslandi magnaðist eftir því sem leið á öldina en fjölmargir erlendir ferðalangar komu til landsins og komu flestir þeirra í þeim tilgangi að skoða framandi náttúru þess. Þar má nefna leiðangur Sir Joseph Banks (1743-1820) árið 1772 en hann var af breskum háaðli. Með honum í för var sænski guðfræðingurinn Uno von Troil (1746-1803) sem skrifaði um leiðangurinn í *Bréf frá Íslandi* sem gefið var út árið 1777.¹⁴ Skömmu eftir Banks-leiðangurinn eða árið 1789 kom Bretinn Thomas John Stanley (1766-1850) til landsins en tilgangur ferðarinnar var að sinna vísindalegum athugunum á Íslandi. Íbúar landsins voru þó enn að jafna sig eftir gosið í Lakagígum 1783 þegar Bretinn ungi kom til landsins.¹⁵ Hefur bággt ástand á landinu því vafalaust haft áhrif á þær skoðanir sem hann hafði á íbúum landsins.

Lítið var um leiðangra í vísindalegum tilgangi undir lok aldarinnar vegna þeirra styrjalda og hörmunga sem riðu yfir Evrópu. Siglingar voru hættulegar og höfðu menn um annað að hugsa en náttúrufræðingarnir í framandi löndum.¹⁶

Í upphafi 19. aldar fór aftur að bera á vísindalegum leiðangrum til landsins. Þar má nefna leiðangur Mackenzie en með í för var Henry Holland (1788-1873) en hann velti fyrir sér þeim andstæðum sem birtust í andlegu og efnalegu lífi á Íslandi.

¹⁰ Lýður Björnsson, „Upplýsing og innréttingar 1741-1783“, bls. 125.

¹¹ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 100-101.

¹² Helga Kristín Gunnarsdóttir, „Eggert Ólafsson skáld og upplýsingarmaður“, bls. 102.

¹³ Lýður Björnsson, „Upplýsing og innréttingar 1741-1783“, bls.187.

¹⁴ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 104-106.

¹⁵ Lýður Björnsson, „*Frá Skaftáreldum til Almennu bænaskrárinnar 1783-1795*“, bls. 226-227.

¹⁶ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 121.

Þessir erlendu ferðalangar dvöldu þó oft en ekki einungis yfir sumarið á landinu en sumir leiðangrarnir kröfðust lengri tíma. Slík undantekning er leiðangur Ebernezer Henderson (1785-1858) en erindi hans var ekki að rannsaka framandi náttúru landsins heldur að dreifa Biblíunni og bæta úr þeim skorti sem var á henni í landinu. Hann ferðaðist um allt landið og kom við á stöðum þar sem engir erlendir ferðalangar höfðu áður komið. Niðurstöður leiðangursins birtust í tveggja binda riti Henderson sem bar heitið *Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814-1815* en fyrsta útgáfa þess var gefið út árið 1818. Þar greindi hann frá ferðum sínum og gerði grein fyrir íslenskri náttúru, sögu, menningu og bókmenntum.¹⁷

Að lokum má nefna Gaimard-leiðangurinn undir stjórn franska læknisins Paul Gaimard (1790-1858) en hann hafði ferðast tvívegis í kringum hnöttinn áður en hann kom til landsins í tveimur leiðangrum árin 1835 og 1836. Í seinna skiptið hafði hann með sér listmálarann Auguste Mayer sem var helsti teiknari og málari leiðangursins. Að leiðangrinum loknum var gefið út tólf binda rit sem kom út á árunum 1838-1852. Var þetta stærsta verk sem hafði verið gefið út um Ísland, bæði fyrr og síðar.¹⁸

Samantekt

Áhuginn á Íslandi á tímabilinu 1750-1850 var gífurlegur með skírkotun í ofangreinda leiðangra. Kveikjan af dönsku leiðangunum var almennt ósætti með rit Anderson sem gerði það að verkum að Horrebow var sendur til landsins til rannsókna sem íslensku Kaupmannahafnarstúdentarnir þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson bundu luku með með nákvæmari hætti. Leiðangrar Bretar og annarra þjóða voru í öðrum tilgangi enda knúnir af forvitni um þetta framandi land og þjóðina sem á því bjó.

¹⁷ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 129.

¹⁸ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 144-146.

Útlit og líkamsvöxtur

Í þessum kafla verður greint frá ummælum og skoðunum á útliti og líkamsvexti Íslendinga. Hvernig var útliti eða líkamsvexti Íslendinga lýst og gerðu höfundar mun á útliti eftir héruðum eða landshlutum?

Guðmundur Finnbogason telur margt líkt með þjóðarlýsingu og mannlýsingu en að nokkur munur sé þar á. Hann segir að maðurinn sé sjálfstaklingur, að líkami hans sé lífræn heild sem tekur þátt í öllum athöfnum hans.¹⁹ Þeir ferðalangar sem fóru um Íslandið gerðu gjarnan lýsingar á útliti og líkamsvexti Íslendinga.

Samkvæmt lýsingum Niels Horrebow voru Íslendingar hraustir milli tvítugs og fimmtugs en að heilsa þeirra myndi hnigna verulega eftir það. Þá blés hann á þær sögusagnir að Íslendingar næðu gríðarlega hárrí en hann taldi að einhæft mataræði, sjúkdómar og of mikið vinnuálag þar sem karlmenn keyrðu sig út á sumrin væri skýringin á því að heilsu Íslendinga tæki að hnigna eftir fimmtugsaldurinn. Að lokum hrakti hann missagnir heimildarmanna sinna um að íslenskar konur væru jafnokkar karla að hreysti og harðfengi. Hann sagði að karlmenn sýndu ótvírætt harðfengi í því mikla erfiði og kulda sem fylgdi sjósókn þeirra en konur væru fremur kulvísar enda aðeins fá kvennastörf kröfðust mikilla krafta.²⁰ Með þessum lýsingum leiðrétti Horrebow á þær sögusagnir að væru Íslendingar heilsuhraustir langt fram eftir aldri og næðu hárrí og fjörugri elli.

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* birtust ýmsar lýsingar sem tengdust útliti og líkamsvexti Íslendinga og gerðu þeir allnokkurn greinarmun á íbúum eftir landshlutum. Þar ber fyrst að nefna lýsingar þeirra á Sunnlendingum.

Íbúar Kjósarsýslu þóttu stórir að vexti og vel á sig komnir, þó sjaldnast hraustlegir í andliti og nokkuð fölleitir. Slíkt stafaði af mikilli sjómennsku þar sem menn þurftu að þola mikið óveður, t.d. regn og storm.²¹ Lýsingum Eggerts og Bjarna svipar því nokkuð til lýsinga Horrebow um að mikið vinnuálag, að sjómennskan hafi komið niður á heilsu og hreysti manna. Eggert og Bjarni töldu að nágrennar þeirra í Rangárvalla-, Árness- og Gullbringusýslu hafi með árunum blandast saman víðs vegar að og þá sérstaklega við sjávarsíðuna. Fólkið hafði aðallega blandast við fólk frá Norðurlandi, Borgarfirði og fólk erlendis frá, t.d. frá Danmörku og Þýskalandi. Hinir eiginlegu Sunnlendingar

¹⁹ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar*, bls. 1.

²⁰ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 191-193.

²¹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 13.

væru því ólíkir að þessu leyti en að íbúar í uppsveitunum bæru sömu einkenni og íbúar Kjósarsýslu. Þá töldu Eggert og Bjarni að fólkið í verstöðvunum væri yfirleitt ófríðara og verr á sig komið en fólkið í sveitinni.²² Þarna hafa þjónernissinnaðar hugmyndir Eggerts vafalaust haft áhrif á skoðun enda virtist hann ekki hrifinn af því að Sunnlendingar, einkum við sjávarsíðuna, væru að blandast erlendum mönnum.

John Stanley virtist vera á sömu skoðun og Eggert og Bjarni en hann hélt því fram að fólkið Hafnarfirði og nærsveitum væri langt frá því að standa Færeyingum jafnfætis. Hann taldi það vera hina mestu ræfla sem hann hafði séð og fannst honum stúlkurnar ófríðar og sagði að þær ekki gætu varla státað sig af fríðleika.²³

Þá ber að nefna að Henry Holland og hans menn rákust íslenska sjómenn á ferðum sínum um Suðurland. Þeir voru jafnframt fyrstu Íslendingarnir sem ferðalangarnir sáu en lýsingarnar á þeim voru á þann veg að þeir væru þreknvaxnir, bláeygðir, með sítt og ljóst hár.²⁴ Á ferð sinni um Gullbringusýslu lýsti Henry Holland karlmönnum í sýslunni, að þeir væru eins og Íslendingar yfirleitt, háir vexti, og vel á sig komnir. Rjóðir í andliti með mjög sítt og ljóst hár.²⁵ Íbúar sýslunnar hafa því ekki verið frábrugðnir þeim sem þeir höfðu séð annarstaðar á landinu.

Í leiðangri Paul Gaimard um Suðurland létu hann og hans menn í ljós aðdán sína á íslensku stúlkunum sem þeir sáu þegar þeir voru staddir í jarðarför í Reykjavík. Þeir sögðust hafa veitt því athygli hversu vel þær voru vaxnar yfirleitt og að sumar þeirra væru bráðfallegar.²⁶ Þá sögðu þeir Íslendinga vera nauðrakaða og að þeir hirtu illa um hárið sitt.²⁷ Þeir fengu einnig að hitta Björn Stephensen sýslumann að Esjubergi á Kjalarnesi en hann sögðu þeir vera hávaxnasta Norðurlandabúa sem þeir höfðu augum litið enda næstum tveir metrar á hæð að þeirra sögn.²⁸

Í lýsingum Eggerts og Bjarna á Norðlendingum kemur m.a. fram hversu líkir þeir voru íbúum annarra norlægra landa, þ.e.a.s. vanir hreyfingu, hreinu lofti og kulda og þess vegna væru þeir heilsuhraustir. Um vaxtarlag þeirra höfðu þeir fátt sérkennilegt að segja og voru þeir ekki taldir hávaxnari en íbúar annarra héraða.²⁹

²² Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 216.

²³ John Stanley, *Íslandsleiðangur Stanleys*, bls. 211.

²⁴ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 34.

²⁵ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 97.

²⁶ Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 25.

²⁷ Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 26.

²⁸ Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 37-38.

²⁹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 43.

Í sambandi við þessi lýsingar Eggerts og Bjarna á Norðlendingum er rétt að benda á það sem bændur á Sólheimum höfðu að segja um Norðlendinginn Jón Steingrímsson og félag hans árið 1753: „Svona eru Norðlingarnir; harðir og frískir eru þessir menn og alvanir ferðalagi og vel útbúnir“.³⁰ Þessar lýsingar ríma því vel við lýsingar Eggerts um harðfengi og frískleika norðlenskra.

Í umræðunni um útlit Vesturlendinga reyndist það nokkuð ólíkt eftir sýslum að mati Eggerts og Bjarna. Borgfirðingar voru misjafnlega stórir í vexti, en yfirleitt hærri en í meðallagi, vel á sig komnir, sterkir og hraustlegir á svip. Það sama átti við um Dalamenn.³¹ Á Snæfellsnesi var vöxtur manna mjög fjölbreytilegur vegna þess að þar var allskonar fólk saman komið, t.d. úr nágrennahéruðunum Borgarfirði og Dalasýslu en fólkíð var þó dugmeira í þessari sýslu en sunnanlands.³² Á Vestfjörðum voru flestir meðalháir og þrekvaxnir, einkum þeir sem bjuggu á svæðinu milli Barðastrandar og Arnarfjarðar, þar sem afar sjaldgæft var að sjá hávaxinn mann.³³

Um Austfirðinga voru Eggert og Bjarni fáorðir en tóku fram að íbúar Múla- og Skaftafellssýslu væru misjafnir á vöxt, bæði litlir sem stórir.³⁴ Skýringin á þessari litlu umfjöllun um Austfirðinga kann að vera sú að íbúar fjórðungsins hafi ekki ferðast mikið út fyrir hann og því engar sögusagnir á reiki um þá.

Samantekt

Skoðanir Niels Horrebow gengu út á að hrekja missagnir Anderson um að Íslendingar næðu hárrí og fjörugri elli. Hugmyndir erlendu ferðalanga á útliti og líkamsvexti Íslendinga voru hinsvegar misjafnar. Stanley var almennt séð ekki hrifinn af útliti Íslendinga en Holland og félagar nokkuð hrifnir af þeim enda töldu þeir þá hávaxna og vel á sig komna. Þá tóku Gaimard og félagar í sama streng.

Í skoðunum þeirra Eggerts og Bjarna kom héraðamunur á útliti og vaxtarlagi Íslendinga glögglega í ljós. Upp úr standa lýsingarnar á fólkinu sem bjó við sjávarsíðuna á suður- og vesturlandi. Þar var fólk talið ólíkt hinum eiginlegu Íslendingum vegna þess að það hafði blandast erlendum mönnum en þeir félagar töldu fólkíð lakara en annarstaðar á landinu.

³⁰ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar. Nokkur drög að þjóðarlýsingu*, bls. 284.

³¹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 102.

³² Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 187.

³³ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 262.

³⁴ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 128.

Skapsmunir, hugarfar og lundarfar

Á Íslandi hefur það tíðkast að tala um mun í skapsmunum, hugarfari og lundarfari manna eftir héruðum. Í því samhengi hefur verið talað um hressa og syngjandi Skagfirðinga sem voru jafnvel taldir rígmontnir. Koma slíkar hugmyndir fram í ferðabókunum eða var tilhneyging til að setja Íslendinga alla undir sama hatt?

Niels Horrebow gerði sérstakan kafla um skaplyndi Íslendinga. Hann gat þess að hinir mörgu, hálærðu Íslendingar sýndu og sönnuðu að þeir væru hvorki heimskir né þrællyndir. Á hverju ári kæmu Íslendingar til náms við háskólann í Kaupmannahöfn þar sem Danir fengu færi á að kynna skaphöfn þeirra. Hann sagði einnig frá því að í landinu væri mikið um snjalla og gáfaða menn en að Íslendingar væru haldnir mikilli heimþrá þegar þeir væru staddir erlendis.³⁵ Þessar skoðanir hans eiga því við Íslendinga almennt og ekki síst þá íslensku námsmenn sem sóttu nám í Kaupmannahöfn.

Helstu þjóðareinkenni Íslendinga að sögn Stanley voru græðgi og þunglyndi en hann sagðist hafa fengið viðbjóð á framkomu Íslendinga, hvar sem hann kom. Að þeir sýndu enga viðleitni til að greiða honum leið og ef þeir sýndu einhverja viðleitni til að veita honum einhverja þjónustu var sú viðleitni knúin af gróðafíkn þeirra enda snerist allur áhugi þeirra um eiginhagsmuni.³⁶ Þessar lýsingar hans eru því langt frá því að vera jákvæðar í garð Íslendinga en ástandið á landinu var erfitt meðan á dvöl hans stóð vegna Skaftárelda og móðurharðinda 1783-1785.³⁷

Á ferðum sínum um landið gerðu Eggert og Bjarni einhverskonar samanburð á skapsmunum Íslendinga og gáfu íbúum héraðana lyndiseinkunn. Þar kom í ljós að íbúar Kjósarsýslu væru langt frá því að vera glaðlyndir. Þeir þóttu tómlátir, ómannblendnir og höfðu lítinn áhuga á að tala um þau málefni sem stóðu utan við verkahring þeirra.³⁸ Þessari skoðun þeirra virtust frönsku ferðalangarnir í Gaimiard-leiðangursins nokkuð sammála en í þar segir: „Þrátt fyrir drykkjuskapinn sem margir Reykvíkingar virðast stunda í talsverðum mæli, þá er eins og að gleðin sé útlæg úr hjörtum þeirra. Maður heyrir þá aldrei hlæja“.³⁹ Íbúar Reykjavíkur voru því ekki glaðlegir í augum frönsku ferðalangana.

³⁵ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 218.

³⁶ John Stanley, *Íslandsleiðangur Stanleys*, bls. 211.

³⁷ Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar“, bls. 7.

³⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 14.

³⁹ Eugène Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 21.

Fólkið sem bjó á Álftanesi og í kringum Bessastaði þótti Eggerti og Bjarna ákaflega mikið ógerðarfólk og að bændurnir í kringum Skálholt væru þeir allra slökustu á landinu. Þeir félagar höfðu þó enga sérstaka skýringu á þessu en tóku fram að bændurnir væru ekki spilltir. Þó þeir væru bæði vesalir og ósiðaðir að þeirra sögn. Þá álitu Eggert og Bjarni svo að þeir sem voru nærst kaupstöðunum, þar sem erlend skip komu oftast væru bæði úrkynjaðir og duglitlir. Orsökina væri sú að þeir lærðu meira illt en gott af verslunarmönnum. Sambærileg skoðun birtist einnig í orðum þeirra um Eyrbekkinga en þeir þóttu úrkynjaðir sóðar og að þar í kring væri margskonar lýður á litlu svæði í þorpi.⁴⁰ Það er því nokkuð ljóst að Eggert Ólafsson hafi ekki verið hrifinn af þessari þróun að fólk væri að taka upp siði frá erlendum mönnum en áhrif erlendra manna voru mest við sjávarsíður landsins, einkum á suður- og vesturlandi.

Ofan við Eyrarbakka var byggðarlagið Flói en Flóamenn voru kallaðir flóafífl í skopi en þó af rangri sök að mati Eggerts og Bjarna. Þeir voru óbrottnir í háttum sínum og framkomu og ferðuðust afar lítið út fyrir eigin sveit en á Suðurlandi voru það Rangæingar sem þeir félagar voru hrifnastir af. Þeir væru í röðum besta fólks á Íslandi, sparsamir, iðnir, góðir búmenn, greiðvirkir og kurteisir en í Hreppunum í Árnessýslu væri einnig nokkuð um sæmdarfólk og góða bændur.⁴¹

Á ferðum sínum um Gullbringusýslu ritaði Sveinn Pálsson lýsingar á íbúum sýslunnar í *Ferðabók* sinni árin 1791-1797. Álit hans á sýslubúum var á þá leið að þeir væru ólíkari innbyrðis en annars staðar vegna þess að fólk úr öðrum fjórðungum hafði blandast saman við íbúana. Héraðabragurinn væri á þá leið að menn væru dramblátari, eigingjarnari, ógestrignari og óhreinskilnari en annars staðar á landinu. Hann óskaði þess einnig að þeir sem voru búsettir við sjóinn myndu frekar taka eftir erlendum verslunarmönnum í hreinlæti, fögrum og gagnlegum siðum og hófsemi heldur en uppivöðslusemi, kaffi- og brennivínsdrykkju, blótsyrðum og annarri fífdirfsku.⁴² Það má því segja að álit Sveins hafi svipað til álits Eggerts á íbúum Suðurlands enda ekki hrifinn af þróun mála í sýslunni.

Í kaflanum um Norðurland álitu Eggert og Bjarni að Norðlendingar væru ólíkir innbyrðis enda fjórðugurinn víðlendur. Þess vegna væru íbúar hverrar sýslu með sín séreinkenni og hættir þeirra ólíkir eftir því. Þó venjan á Íslandi hafi iðulega verið sú að segja að hugsunarháttur allra Norðlendinga hafi verið hinn sami. Skagfirðingar skáru

⁴⁰ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 217.

⁴¹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 218.

⁴² Sveinn Pálsson, *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 607.

sig úr á afar athyglisverðan hátt en þeir voru taldir hneigðari til ferðalaga og allskonar prangs en aðrir íbúar fjórðungsins sem tengdist gjarnan hestum og ferðalögum. Þeir voru álitnir rígmontnir, drykkfelldir, áflogagjarnir, óorðheldnir og svikulir í viðskiptum. Þeir Eggert og Bjarni vildu þó meina að fólk ætti að fara varlega í að alhæfa um slíkt enda fannst þeim ósanngjarnt að setja þá alla undir sama hatt. Þeir Skagfirðingar sem ferðuðust hvað mest væru ungir, andvaralausir og óskammfeilnir menn. Þannig að þeir lentu oft í illdeilum við þá sem þeir áttu viðskipti við og þá sérstaklega þegar þeir voru ölvaðir.⁴³ Hugmyndir annarra landsbúa um Norðlendinga, einkum Skagfirðinga, hafa því verið myndaðar út frá þessum ungu mönnum sem voru mest á ferðinni. Það var því nokkuð auðvelt fyrir landsbúa að draga þá ályktun að allir Skagfirðingar væru eins og þeir sem ferðuðust mest og komu öðrum reglulegast fyrir sjónir.

Í samanburði þeirra Eggerts og Bjarna á sýslum Norðurlands, töldu þeir að Skagfirðingar væru framhleyptir og digurmæltir en Eyfirðingar kyrrlátir og siðugir og að Húsvetningar væru þar mitt á milli. Um Þingeyinga höfðu þeir litla vitneskju vegna þess hve lítið þeir ferðuðust til annarra héraða og þar af leiðandi engar sögur sem fóru um þá. Þess vegna var vitneskjan mest um Skagfirðingana enda alltaf á ferðinni. Að lokum sögðu þeir um fjórðunginn að Húsvetningar líktust Skagfirðingum í sumu en Vestfirðingum í öðru. Eyfirðingar líktust Borgfirðingum í hugfarfari, búskap og háttum. Kyrrlátir menn að eðlisfari, gætnir, starfsamir, sparneytnir og umgengnisgóðir gagnvart öðrum. Nágrannar þeirra í Þingeyjarsýslu líktust þeim, en þeir sem bjuggu nyrst og austast í þeirri sýslu líktust helst þeim sem bjuggu á norðanverðum Vestfjörðum.⁴⁴

Sveinn Pálsson áleit svo að það væri ekki auðvelt verk að greina íbúa Norðurlands eða Hegranssýslu frá öðrum eftir skapferði þeirra, enda sagði hann að allmikil blöndun hefði orðið á fólkinu. Hann nefndi að margar fjölskyldur hefðu komið sér fyrir, einkum norðan úr Eyjafjarðarsýslu. Skagfirðingar væru vanari ferðalögum en allir aðrir enda frjálsgir, fljótir til og opinskáir í viðmóti á meðan íbúar annarra héraða á landinu höfðu ákveðinn heimóttarsvip. Skagfirðingar voru álitnir hvatvísir, óstýrlátir og þrætugjarnir af öðrum landsbúum. Þá voru þeir einnig taldir drambsamir, orðhvatir og montnir en Sveinn taldi þessa skoðun stafa að því að þeir væru óttalausir og fremri sunnlendingum í hreinlæti og klæðaburði. Þá hafði Sveinn einnig orð á því að þeir væru

⁴³ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 44.

⁴⁴ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 45.

hugrakkir, opinskáir, örlyndir, alvarlegir, göfuglyndir og gestrisnir. Þessar lýsingar ættu einkum við sveitirnar sem voru fjarri dönskum verslunarstöðum þar sem Páll vildi meina að fólk hafi lengi saurgast í samskiptum við útlendinga.⁴⁵ Þessar skoðanir Sveins Pálssonar voru því nokkuð í anda við skoðanir Eggerts Ólafssonar enda sammála skoðunum hans á Skagfirðingum í mörgu og ekki hrifinn af þeim siðum sem íbúar nálægt kaupstöðunum voru farnir að taka upp eftir erlendum mönnum.

Í sögunni um *Hólamannahögg* í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er að finna lýsingar á viðhorfi landshluta hvers til annars en þar segir: „Vestfirðingar og Sunnlendingar hafa jafnan álitid Norðlendinga dugnaðarmenn og skjóta til úrræða, en þó jafnframt gortara og oflátunga, hvað sem þeir hafa til þess“.⁴⁶ Þjóðsaga sem gefur ákveðna hugmynd um hvernig Sunnlendingar og Vestfirðingar litu á Norðlendinga, það er að segja að þeir væru miklir dugnaðarmenn, úrræðagóðir en montnir og góðir með sig. Lýsingar sem ríma vel við lýsingar Eggerts og Bjarna og Sveins Pálssonar á Norðlendingum.

Í ævisögu Jóns prófasts Steingrímssonar kemur einnig fram hvernig Sunnlendingar litu á Norðlendinga. Þar sagðist séra Benedikt Jónsson í Vestmannaeyjum árið 1753 sjá hreinlyndi og ærlegheit norðlenskra og að slíku hefði verið háttað með öðruvísi hætti sunnanlands. Þá var einnig sá orðrómur um Norðlendinga sem borist hafði frá Ludvig Holberg um Íslendinga að Norðlendingar væru taldir háttprúðastir og fagaðastir. Þar af leiðandi gagnólikir öðrum landsmönnum enda þóttust þeir einnig vera það.⁴⁷

Í lýsingum *Ferðabókarinnar* á íbúum Vesturlands tóku þeir Eggert og Bjarni fram Borgfirðingar hafi verið skynsamir menn. Þeir væru iðjusamir og stunduðu störf sín af mikilli kostgæfni. Sparsamir, hreinlátir í umgengni og lifnaðarháttum. Þá þóttu þeir einnig fjörmeiri og glaðlegri en Sunnlendingar.⁴⁸ Á Snæfellsnesi fóru sögur um Jöklara sem þóttu mikil ruddamenni og bófar en þeir félagar töldu slíkt heyra sögunni til.⁴⁹ Í Dalasýslu og á Vestfjörðum voru atorkusamir og dugmiklir bændur. Sérstaklega þeir sem stunduðu landbúnaðinn að kappi og lögðu áherslu á kvikfjarræktina frekar en fiskveiðarnar. Þeir sem voru norðar, allt norður að Horni lögðu hinsvegar aðaláherslu á fiskveiðarnar sem þeir sóttu frá vori til hausts. Því á vetrum hefðu þeir kyrrt um sig. Þá voru þeir ekki eins glaðlyndir og Borgfirðingar og töluðu um fátt annað en vinnuna,

⁴⁵ Sveinn Pálsson, *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 636.

⁴⁶ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar*, bls. 283.

⁴⁷ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar*, bls. 284.

⁴⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 102-103.

⁴⁹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 187.

aflabrögð og sjómennsku. Þá er ekki hægt að segja að Vestfirðingar hafi verið til vandræða en áflog, missætti og háreysti voru afar sjaldgæf á Vestfjörðum. Íbúarnir þóttu vel gefnir og uppfræddir í andlegum efnum en auk þess höfðu þeir góðan skilning á öllu því sem þeim var sagt að mati Eggerts og Bjarna. Þeir voru þó ekki gallalausir en á norðurströnd Arnarfjarðar voru gildir og hraustir menn sem þóttu harðgerðir, djarfir til framkvæmda og hikuðu ekki við að berja frá sér ef þeir voru reittir til reiði. Að lokum sögðu þeir að Vestfirðingar, einkum Breiðfirðingar og Arnfirðingar, væru mjög hneigðir fyrir sögur og annan fróðleik en þá einkum náttúrufræði. Þeir þóttu öðrum landsmönnum fróðari um plöntur, steina og lifnaðarhætti dýra.⁵⁰

Austfirðingar, einkum Skaftellingar, voru taldir afar sérkennilegir en ýmsar hugmyndir voru ríkjandi um þá. Þeir voru kyrrlátir, áburðarlitlir og hlédrægir. Allur hugsunarháttur þeirra og lífsvenjur voru með afar sérkennilegum hætti, þar sem þeir lifðu í afskekktum héruðum og höfðu mjög sjaldan samneyti við aðra samlanda sína. Í stuttu máli hafði mál þeirra og framburður, dagfar, kurteisisvenjur og ferðavenjur valdið því að þeir komu öðrum landsmönnum undarlega fyrir sjónir. Íbúar Skaftfellssýslu, einkum úr Meðallandi og Álftaveri, fóru árlega í Eyrarbakkakaupstað, en þeir voru af mörgum í Árness- og Rangárvallasýslum, taldir hálfgerðir fávitringar og þá aðallega vegna þess að þeir notuðu sérkennileg orð, talshætti og háttarlag, sem þeim var runnið í merg og bein. Þeir hefðu alltaf rétt fyrir sér í öllu en þeir sem hæddust af þeim færu með tóma vitleysu að þeirra sögn. Þá var þeim einnig eignað að vera framúrskarandi þrætugjarnir en þeir þóttu kunna það með eindæmum vel að flækja öll mál og verja þau með ýmisskonar undanbrögðum og lagakrökum og tóku til ótal aukamál í hverju höfuðmáli til þess eins að flækja allan málarekstur og gera málaferlin sem torveldust.⁵¹ Að lokum voru bændur á Austurlandi yfirleitt góðir, hreinlátir og forsjálir að sögn Eggerts og Bjarna.⁵²

Erlendu ferðamennirnir sem komu hingað til landsins leituðust síður við að greina skapsmuni Íslendinga eftir héruðum en þeir Eggert Ólafsson, Bjarni Pálsson og Sveinn Pálsson. Heldur frekar hvernig Íslendingar komu þeim almennt fyrir sjónir. Þannig skrifaði Baine, sem ferðaðist með Stanley í dagbók sína að þjóðareinkenni Íslendinga væri þunglyndi og sagði það augljóst að þeir nytu ekki lífsins.⁵³ Stanley var

⁵⁰ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 262-263.

⁵¹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 129.

⁵² Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 129.

⁵³ John Stanley, *Íslandsleiðangur Stanleys*, bls. 280.

ósammála honum hvað þetta varðaði en áleit að Íslendingar væru ekki ómóttækilegir fyrir gleðskap.⁵⁴ Þá hrósaði Henry Holland Íslendingum fyrir hátt menningarstig og almennan kurteisisbrag enda tóku þeir afar vel á móti honum og mönnum hans.⁵⁵

Skoðanir Ebernezer Henderson á íbúum landsins voru hinsvegar gríðarlega jákvæðar en heimilisfólkinu á Grímsstöðum á Fjöllum lýsti hann á eftirfarandi hátt:

Jeg gat ekki annað en dáðst að þeirri gleði og ánægju, er skein út úr hverju andliti, og jeg var sannfærðari um það en nokkru sinni fyr, að hamingjan er ekki bundin við neina stjett og því færri sem okkar eiginlegu þarfir eru, því betur njótum við lífsins, ótruflaðir af þeirri löngu lest, sem áhyggjur og hugarvíl mynda, en sú fylking herjar á þá, er elta tilbúinn munað og ruglar rósemi þeirra. Óskemt af samneyti við þá, er við fágaðar lífsvenjur lifa, varðveitir fólkið á þessum afskekta bæ hinn frumlega einfaldleik náttúrulegra lifnaðarháttá. Það hefir ekkert af að segja um klókskap og yfirdrepskap, þeirri ótrúmennsku og þeim brögðum, sem alt of oft gegnsýrir fjölmennra samfélag. Það er í hæsta máta ótortryggið, veglynt og góðgjarnt.⁵⁶

Frönsku ferðalangarnir í Gaimard-leiðangrinum tóku í sama streng. Töldu að Íslendingar hafi oftast nær verið gestrisnir og sögðu að þegar útlendingur dvaldi á íslensku sveitarheimili væri hugsað um hann af stakri nákvæmni og hann fengi að kynna gömlum síðum Íslendinga.⁵⁷ Íslenska þjóðin kom ferðalöngunum þó þannig fyrir sjónir að hún væri yfirleitt vansæl en þeir fátækustu báru þó höfuðið hæst samkvæmt ferðalöngunum.⁵⁸

Samantekt

Erlendu ferðalangarnir sem komu til landsins gáfu Íslendingum lyndiseinkunn sem þeir eignuðu landsmönnum öllum. Þar komu misjafnar skoðanir í ljós. Niels Horrebow var nokkuð hrifinn af Íslendingum. Þá voru lýsingar Holland og Henderson nokkuð jákvæðar í garð Íslendinga. Þeir Stanley, Baine og Gaimard álitu hinsvegar að þjóðin væri vansæl og þunglynd.

⁵⁴ John Stanley, *Íslandsleiðangur Stanleys*, bls. 168.

⁵⁵ John Stanley, *Íslandsleiðangur Stanleys*, bls. bls. 31.

⁵⁶ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land*, bls. 132.

⁵⁷ Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 42.

⁵⁸ Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 21.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar sýndi þó að Íslendingar höfðu ákveðnar hugmyndir og skoðanir um skaplyndi íbúa annarra héraða. Þó sumstaðar hafi mátt greina ákveðin líkindi á milli sýsla og héraða. Lýsingarnar rímuðu vel við sýslulýsingar Sveins Pálssonar og aðrar hugmyndir Íslendinga um héraðamun á skapsmunum, hugarfari og lundarfari.

Málfar

Í þessum kafla verður talað um málfar á landinu og þær skoðanir um eftir héruðum varðandi hreinleika málsins og mállýskur þess. Í slíkum kafla er vitaskuld ekki hægt að nýta sér skoðanir erlendra ferðalanga enda voru þeir ekki með næga þekkingu á málinu til að gera samanburð eftir héruðum. Var málið allstaðar jafn hreint og er voru hugmyndir um mállýskumun eftir héruðum ríkjandi á landinu?

Í umræðunni um hreinleika íslenskunnar sagði Guðmundur Finnbogason: „Hreinleiki íslenskunnar er fólgin í því, að í henni eru tiltölulega fá orð af útlendum stofnum og að útlend mál hafa lítil áhrif haft á orðmyndir hennar og orðskipun. Hún er hrein í þeim skilningi og vér köllum vín hreint, þegar það er ekki blandað öðrum vínum eða öðrum efnum, svo eðliskostir þess njóta sín til fulls.“⁵⁹

Nokkurn mállýskumun er þó að finna í íslenskri orðamyndun, beygingum og framburði. Flestir þekkja *drasl*, *fata*, *bjúga*, *flýta sér* en ennþá færri *drösl*, *flýta sín*, *spanda*, *grjúpnám* og *sperðill* sem eru bundin mállýskum. Þannig er til dæmis norðanlands talað um *hnjúka í afréttinni* en sunnanlands um *hnúka á afréttinum*. Norðanlands hefur einnig verið talað um *þeir voru* en flestir landsmenn segja *þeir voru*.⁶⁰

Gjarnan verið talað um harðmæli og linnmæli í íslenskri tungu en þar liggur munurinn aðallega í framburðinum á *p*, *t* og *k*. Þannig sagði harðmæltur einstaklingur *ta-pa* og *lá-ta* en linnmæltur maður *ta-ba* og *lá-da*. Harðmælasvæðið var á Norðurlandi en linnmælasvæðið á Suðurlandi. Á Norðurlandi tíðkaðist einnig raddaður framburður en Norðlendingar sögðu *stúl-ka*, *glam-pa* og *skamm-tur* meðan flestir Íslendingar sögðu *stúlka*, *glampa* og *skammtur*.⁶¹ Í þessum skilningi hefur verið talað um sunnlensku og norðlensku.

Þá hefur einnig verið talað um Vestfirskan framburð eða einhljóðaframburð sem kom á undan *an*, *ng* og *nk*. Vestfirðingar sögðu því *langur*, *lengi* og löng í stað *lángur*, *leingi*, *laung* og svo framvegis. Þá tíðkaðist einnig sú mállýska austur á fjörðum sem kallaðist flámælska. Þar var framburður á borð við *leður*, *dögur*, *viður* eða *fulur* í stað *liður*, *dugur*, *veður* og *fölur* sem var algengari annarstaðar á landinu.⁶² Það hefur því

⁵⁹ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar*, bls. 144.

⁶⁰ Árni Böðvarsson, *Íslenskt málfar*, bls. 252-253.

⁶¹ Jón Aðalsteinn Jónsson, „Íslenskar mállýzkur“, bls. 70-72.

⁶² Jón Aðalsteinn Jónsson, „Íslenskar mállýzkur“, bls. 75-77.

verið ákveðinn mállýskumunur á landinu eða að minnsta kosti hugmyndir um ólíkar mállýskur eftir héruðum.

Þeir Eggert og Bjarni könnuðu hreinleika íslenskunnar eftir héruðum á ferðalagi sínu um landið árin 1752-57 en danski málfræðingurinn Rasmus Rask átti síðar eftir að feta í fótspor þeirra. Þessar rannsóknir þeirra gengu út á að kanna hreinleika málsins og athuga hvort íslenskt mál væri farið að blandast erlendum tungumálum. Þar hikuðu þeir félagar ekki við að að gagnrýna menn fyrir að skreyta málið með erlendum orðum en Eggert vildi verja íslenska tungu sem að hans mati átti í vök að verjast. Samkvæmt niðurstöðum þeirra var málið á Suðurlandi, einkum í Kjósarsýslu, að meðallagi hreint. Munurinn var að þeirra sögn sá að hann heyrðist í framburði einstakra orða en þó ekki nægilega mikið til að um sérstaka mállýsku væri að ræða. Málið í sveitunum þótti þeim tiltölulega hreint og óbjagað en blandað þýsku og dönsku í nágrenni við hafnirnar við sjávarsíðuna eða þar sem mest var um erlenda menn. Þessari þróun voru þeir Eggert og Bjarni ekki sérlega hrifnir af en þeir töldu almúgamenn varla skilja þessi erlendu orð sem höfðu blandast málinu. Slíkt væri að finna í embættisbókum, málsskjölum, samningum og öðru þess háttar. Orsökina af þessari þróun að mati þeirra féлага var sú að fólki þótti meira til þess koma sem var erlent en innlent. Fólk tók þennan sið því nokkuð auðveldlega upp af erlendum mönnum. Verst af öllu þótti þeim hinsvegar sú staðreynd að enginn hafi fundið upp ráð til að verjast þessari misnotkun málsins. Jafnvel þeir sem voru talsmenn þess að halda málinu hreinu, notuðu það sjaldnast og notuðu jafnvel latneska talshætti og orðskipan. Almúgamenn gátu þó víðast hvar ennþá lesið hinar íslensku fornsögur og voru þær mikilvægur þáttur í að halda málinu hreinu að mati Eggerts. Þó svo að kvæðin og nokkur torskilin orð væru aðeins fyrir lærða menn að skýra og rannsaka.⁶³

Í kafla þeirra um hreinleika málsins í Rangárvalla-, Árness- og Gullbringusýslu komust þeir félagar að því að málið væri hvergi á landinu jafn bjagað og blandað og þar. Þeim fannst málið hafa blandast orðum að latneskum, þýskum og frönskum uppruna. Ástæðurnar fyrir þessari þróun töldu þeir fjórar. Í fyrsta lagi verslun Þjóðverja fyrir siðaskiptin og á siðaskiptatímum. Í öðru lagi áhrif erlendra kaupmanna og embættismanna á Íslandi. Í þriðja lagi átti Alþingi nokkra sök á þessu og vísuðu þeir í að ýmsir háttsettir menn höfðu tekið upp fjölmörg orð eða talshætti úr erlendum málum. Þessi orð rötuðu til yngri kynslóðarinnar sem notaði þau óspart án þess að skilja hvað

⁶³ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 28-29.

þau þýddu sem hefur eflaust verið einhverskonar tíska. Fjórða og síðasta orsökina var rakin til latínuskólans í Skálholti en þeir töldu að fjölmörg erlend orð og orðtæki hafi borist þaðan og til alþýðunnar. Þó voru ekki einungis prestar eða háttsettir menn sem skreyttu ræður sínar með erlendum orðum heldur virtust bændur gera það líka. Þeir voru forvitnir að læra nýjan fróðleik en það þótti flott að geta varpað kveðju á erlenda menn, til dæmis á latínu eða öðru erlendu máli.⁶⁴ Fólk hefur því auðveldlega gripið upp erlend orðatiltæki frá erlendum mönnum vegna þess að það þótti bæði flott og nýttiskulegt.

Varðandi hreinleika málsins á Norðurlandi var útkoma þeirra félaga þveröfug við niðurstöðurnar á Suðurlandi. Málið var furðuhreint og töldu þeir að það gæti jafnvel verið ennþá hreinn ef menn hefðu haldið áfram starfi Guðmundar biskups sem gekk út á að hreinsa málið en þeir töldu starf hans hafa verið til mikils gagns.⁶⁵ Þeir félagar voru því nokkuð sáttir við gang mála á Norðurlandi í samanburði við ástandið á Suðurlandi. Þó þeir hafi verið á þeirri skoðun að það mætti alltaf gera betur í þessum málum.

Í Borgarfjarðarsýslu var sögulestur helsta dægradvöl uppsveitarmanna en af þeirri ástæðu var málið hreinn en við sjávarsíðuna vegna þess að Eggert taldi hann mikilvægan þátt í að halda málinu hreinu.⁶⁶ Í bæði Dalasýslu og á Vestfjörðum þótti málið hreinn en á Suðurlandi. Þó gætti þess að menn slettum enskum og frönskum orðum, einkum í Ísafjarðarsýslu og nyrðri hluta Barðastrandasýslu. Í Dalasýslu var málið álíka hreint og í Borgarfjarðarsýslu. Þá löstuðu aðrir Íslendingar Vestfirðinga fyrir að bera *ang* fram eins og Danir en sumir ýktu þann framburð og sögðu *aeng* eða *aing* eða líkt og menn gerðu grín að íbúum Austurlands fyrir að bera *ang* fram sem *áng* en það þótti líkjast framburði norskra fjallabænda. Algengasti framburðurinn á Norður- og Suðurlandi var mitt á milli eða *aong*. Þá báru sumir Vestfirðingar *va* fram eins og *ua* og *hv* eins og *qv* en greinilegur vottur þess framburðar heyrðist meðal annars í Noregi og á Jótlandi.⁶⁷

Í Múla- og Skaftafellssýslum á Austurlandi álitu þeir Eggert og Bjarni að menn hefðu haldið tungu sinni óbreyttri og öðrum landsmönnum fremur. Í grennd við kaupstaðina þrjá, Vopnarfjörð, Reyðarfjörð og Berufjörð höfðu menn tekið upp fjölmörg erlend orð af enskum og þýskum uppruna. Áherslur og hljómbær málsins

⁶⁴ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 218-219.

⁶⁵ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 51-52.

⁶⁶ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 108.

⁶⁷ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 272.

þótti sérkennilegur á Austurlandi en hann líktist norskum hreim. Slíkan framburð kölluðu menn annarstaðar á landinu kæk. Þó töldu þeir félagar svo vera að þessi kækur væri jafngamall tungunni og merki þess um að hún hafi verið töluð óbreytt. Annað einkenni, sem var enn mikilvægara að mati þeirra var að málið var sérstaklega hreint og laust við erlend orð. Þeir veittu því mikla eftirtekt að á Austurlandi væru daglega notuð gömul orð og talshættir sem tíðkuðust hvergi annarstaðar á landinu. Tungan var því að þeirra mati hvergi hreinni en á Austurlandi.⁶⁸ Í sama streng tók danski málfræðingurinn Rasmus Rask en ástand íslenskunnar fór mikið fyrir brjóstið á honum við komuna í Reykjavík árið 1813 en hann taldi að íslenskan ætti í vök að verjast og gæti jafnvel gleymst að tvö hundruð árum liðnum. Hann var einnig á þeirri skoðun að málið væri hreinast á Austurlandi.⁶⁹

Samantekt

Ljóst er að ákveðnar hugmyndir hafi um mállýskur, orðanotkun og framburð orða eftir héruðum. Í þeim voru vissir þættir sem einkenndu sunnlensku, norðlensku, vestfirsku og austfirsku. Hreinleiki málsins var því nokkuð misjafn eftir héruðum. Þeir Eggert og Bjarni komust að því að málið væri best á Austurlandi en verst við sjávarsíðuna á Suðurlandi þar sem erlend orð höfðu brotist inn í málið. Hreinleiki málsins á Norður- og Vesturlandi þótti standa þarna á milli en þó töluvert skárra en sunnanlands. Þá tók Rasmus Rask síðar undir þessi orð er hann sagði að málið væri hvergi hreinna en á Austurlandi.

⁶⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 130.

⁶⁹ Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málhreinsun*, bls. 52-53.

Híbýli og hreinlæti

Í kaflanum verður fjallað um híbýli og hreinlæti Íslendinga. Voru híbýli og hreinlæti með svipuðum hætti um land allt eða var slíku háttað á ólíkan máta eftir héruðum?

Um miðja 18. öldina var aðalbyggingarefni landsmanna torf og grjót en bygging húsa úr varanlegu efni var nær óþekkt fram yfir miðbik aldarinnar.⁷⁰ Við komu sína í íslenskan bæ lýsti Niels Horrebow löngum, þröngum, göngum sem voru um þriggja álna breið með þaki sem hvíldi á þverbitum. Á þakinu voru nokkur smágöt en þeim var ætlað að gefa næga birtu inn í göngin. Innan við þessi göng var baðstofan sem var um það bil 12 til 14 álnir að lengd en sex til átta álnir að breidd. Baðstofan var vinnuherbergi en kvenfólkið sat þar við tóvinnu, saumaskap og önnur störf. Í enda slíkra húsa var gjarnan alþiljað svefnherbergi handa húsbóndunum en á loftinu ofan við það sváfu konur og börn. Líkt og baðstofan stóð fyrir endanum á göngunum, voru tvö hús sitthvoru megin til hliðar við þau, eldhús, búr og svefnhús vinnumanna og gesta sem kallaðist skáli. Til hliðar við skálann var gestastofa. Við hliðina á húsunum voru oftast skemmur, smiðjur og fénaðarhús. Að lokum sagði Horrebow að íslensku húsin væru reist á jarðhæð en ekki grafin niður.⁷¹

Eggert og Bjarni byggðu nokkuð á lýsingum Horrebow í umfjöllun sinni um híbýli Íslendinga. Húsin á Suðurlandi töldu þeir bæði lítil og léleg, einkum kofana í verstöðvunum í Kjósarsýslu. Húsin voru oftast græn og grasi vaxin að utan en þeir töldu þessa húsagerð hagkvæma á Íslandi en torfhúsin þóttu hlýrri en timburhúsin og sterkari gegn óveðri og jarðskjálftum.⁷² Það sem þeir sögðu um húsagerð og húsakipun í Kjósarsýslu töldu þeir eiga við um allt Suðurland. Húsakynnin við sjávarsíðuna þótti þeim þó lélegri en í meðallagi. Híbýlin í Vestmannaeyjum þóttu lélegust og sóðalegust. Hreinlegustu og bestu bæina á Suðurlandi töldu þeir vera að finna í Hreppunum og í Rangárvallasýslu.⁷³

Á Norðurlandi álitu Eggert og Bjarni svo að húsakynnin væru allgóð miðað við á landinu almennt. Þau væru stór, rúmgóð og vel fyrir komið að innan. Skipulag og búnaður þeirra væri með svipuðu móti og annars staðar á landinu.⁷⁴

⁷⁰ Lýður Björnsson, „Frá Skaftáreldum til Almennu bænaskrárinnar 1783-1795“, bls. 258.

⁷¹ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 214-216.

⁷² Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 14-15.

⁷³ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 219.

⁷⁴ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 46.

Í Borgarfjarðarsýslu fannst þeim húsin vera betri en sunnanlands. Þau væru skipulagðari og hreinlegri bæði að innan sem utan, að verðbúðunum á Akranesi og Mýrum undanskyldum sem líktust húsunum við sjávarsíðuna í Kjósarsýslu.⁷⁵ Í Snæfellsýslu voru bæirnir hinsvegar verr hýstir en í Borgarfjarðarsýslu. Húsin voru minni, óvandaðri og óhreinni að innan sem utan. Sérstaklega í verstöðvunum, þar sem húsakynnin þóttu verst og sóðalegust. Þar var ólykt, einkum á vertíðinni, sem var talin valda aðkomumönnum, bæði íslenskum sem erlendum, miklum óþægindum. Þess vegna töldu erlendir ferðalangar að slíkt ætti við um land allt.⁷⁶ Við sjávarsíðuna í Dalasýslu og á Vestfjörðum var yfirleitt betur hýst en í verstöðvunum á Suðurlandi. Húsaskipunin þó að mesta leyti hin sama en húsin stærri og hreinlegri að innan. Einkum í Dalasýslu og sunnanverðri Barðastrandarsýslu þar sem ekki voru verstöðvar.⁷⁷

Húsagerð á Austurlandi var með sama hætti og annarstaðar á landinu. Auðvelt var að fá rekavið sem fékkst allstaðar á Austurlandi þar sem ströndin var lág og veit gegn opnu hafi. Húsum var fagurlega skipað og þá sérstaklega í Skaftafellssýslu, þar sem margir bæir voru reistir saman á einni jörð.⁷⁸

Sænski ferðalangurinn Uno von Troil var ekki sammála þessum lýsingum. Samkvæmt lýsingum sem hann hafði lesið voru bæirnir sæmilega snotrir á Norðurlandi. Hann fékk hinsvegar tækifæri á að skoða íslensku bæina og voru þeir ákaflega lélegir að hans sögn. Aðeins steinhús amtmannsins á Bessastöðum, landlæknisins á Seltjarnarnesi og landsfógetans í Viðey sem byggð voru á kostnað konungs gátu talist almennileg.⁷⁹ Eftir jarðskjálftana á Suðurlandi árið 1784 greiddist loks leiðin fyrir burstabæinn en byggja þurfti mikið eftir að þeir riðu yfir. Burstabæinn var því ríkjandi byggingarlag laust fyrir aldamótin en hann þróaðist nokkuð ólíkt eftir landshlutum. Á norðlenskum burstabæ sneru aðeins fremstu húsin göflum fram á hlaðið en ekki öll eins og tíðkaðist sunnanlands.⁸⁰

Erlendu ferðamennirnir sem komu hingað til landsins voru nokkuð einróma í skoðunum sínum á híbýlum Íslendinga og hreinlæti þeirra. Í augum Henry Holland og félaga var bær á Kjalarnesi nokkuð svipaður og flestir íslenskir bæir sem þeir töldu líkjast stórum moldvörpuhaugum að utan. Þar var skíturinn og óþefurinn innanhúss svo

⁷⁵ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 103.

⁷⁶ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 189.

⁷⁷ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 265.

⁷⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 131.

⁷⁹ Uno Von Troil, *Bréf frá Íslandi*, bls. 69.

⁸⁰ Lýður Björnsson, „Frá Skaftáreldum til almennu bænaskrárinnar 1783-1795“, bls. 258.

óþolandi að þeir tóku því fagnandi að fá að gista í kirkjunni.⁸¹ Bágur þrifnaður húsa virðist þó ekki hafa einskorðast við hús fátæklinga en þeir Holland og félagar heimsóttu Brynjólf Sívertsen dómkirkjuprest. Húsið sem hann bjó í var að þeirra áliti lakara en aumasta kotbýli á Englandi.⁸² Þá sagði Henry Holland í dagbókarfærslum sínum að snyrtimennskan og þrifnaður hefði aukist eftir því sem þeir fóru frá sjávarsíðunni og inn í uppsveitirnar. Þar var fiskurinn sjaldséðari og óþefurinn ekki eins mikill og við sjávarsíðuna.⁸³

Ebernezer Henderson minntist einnig á þennan ódaun í íslenskum húsum en hann sagði að erlendir ferðamenn kvörtuðu sífellt undan ódaun og sóðaskap í íslenskum húsum og að það væri svo sannarlega ekki að ástæðulausu enda væri slíkur ódaun ekki nærri því eins mikill í Hálöndunum á Skotlandi og sveitabýlum á Írlandi og í Þýskalandi.⁸⁴

Í Gaimard-leiðangrinum lýstu ferðalangarnir tvennskonar húsagerðum í Reykjavík. Í fyrsta lagi timburhúsum úr norsku greni og kofum úr hálfþúnum spýtum, grjóti og torfi. Timburhúsin voru falleg að sjá að sögn ferðalanganna. Þau stóðu beinum röðum við þrjár eða fjórar götur sem mynduðu bein horn og voru nær öll í eigu danskra kaupmanna. Hin gerðin voru bæir eða moldarkofar, stundum þiljaðir að innan en þeir hýstu nær eingöngu fólkið sem sem lifði á fiskveiðum.⁸⁵ Ferðalöngunum fannst þó heldur lágt undir loft á íslenskum sveitabæjum en þeir skýrðu frá því að þeir hafi þurft að beygja sig í hnjánum eftir löngum og dimmum göngum til að reka sig ekki upp undir.⁸⁶ Á ferð sinni um Snæfellsnes hneyksluðust ferðalangarnir að lokum á því Íslendingar gerðu ekkert til að bæta húsakynni sín og var þeim flökurt af ólyktinni í húsum þeirra.⁸⁷

Samantekt

Skoðanir erlendra ferðalanga voru nokkuð einróma þegar kom að híbýlum og hreinlæti þeirra. Þeir töluðu flestir um óhreinlætið og óþefinn í íslenskum híbýlum. Ástandið þótti verst í verstöðvunum við sjávarsíður landsins, einkum sunnan- og vestanlands, en þeim Eggerti og Bjarna fannst leitt að erlendir ferðamenn þekktu best til á slíkum stöðum

⁸¹ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 117.

⁸² Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 52.

⁸³ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 137.

⁸⁴ Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls. 48.

⁸⁵ Paul Gaimard, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 20.

⁸⁶ Paul Gaimard, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 46.

⁸⁷ Eugène Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 59.

enda töldu þeir þá hneigða til að álykta að slíkt ætti við um allt land. Henry Holland virðist þó hafa kannað málið frekar en hann vildi meina að hreinlætið væri almennt meira í uppsveitun landsins en við sjávarsíðuna. Héraðamunurinn var því mestur á uppsveitum og sjávarsíðum landsins þegar kom að híbýlum og hreinlæti Íslendinga.

Mataræði

Í kaflanum verður fjallað um mataræði Íslendinga og álit ferðalanga á matarvenjum þeirra. Voru matarvenjur með álíkum hætti allstaðar á landinu eða voru ákveðnar hugmyndir um mun á matarvenjum eftir héruðum?

Um mataræði Íslendinga sagði Niels Horrebow að um landið allt væri borðað mikið af nýjum og soðnum fiski með miklu smjöri nema í þeim sveitum sem lágu lengst frá sjónum. Á veturna þegar nýmeti var ekki að fá, borðuðu þeir barinn harðfisk sem var einnig borðaður með smjöri.⁸⁸ Hinsvegar var mjólkin sú fæðutegund sem hann sagði að Íslendingar neyttu næst mest á eftir fiskinum en hún var drukkinn bæði ný og flóuð en hún var einnig notuð til skyrgerðar. Skyrið var búið til á sumrin og helst mikið af því svo það dugði yfir veturinn. Einnig tíðkaðist að setja mjöl eða grjón út í mjólkina og grjónagruautur soðinn úr því. Úr nýju kjöti og grjónum suðu Íslendingar gjarnan súpu en höfðu þó hvorki grænmeti né kryddjurtir til að bæta hana. Þá var brauðskortur mikill á landinu en það var ekki hversdagsfæða líkt og í Danmörku að sögn Horrebow.⁸⁹ Til drykkjar höfðu Íslendingar mikið af hreinu og góðu vatni sem var þó ekki algengasti drykkur landsmanna að sögn Horrebow heldur mysa.⁹⁰

Þeir Eggert og Bjarni fóru betur ofan í saumana á mataræði Íslendinga eftir héruðum. Í Kjósarsýslu sem og víðast hvar á Íslandi neyttu menn þriggja máltíða á dag. Þá fyrstu klukkan sjö að morgni, aðra klukkan tvö að liðnu hádegi og þá þriðju á kvöldin klukkan níu. Í kvöld- og morgunmat á sumrin borðaði fólk aðallega skyr og nýmjólk. Á veturna mjelgraut sem var hrærður saman við skyr. Í miðdegisverð var boðið upp á harðfisk og smjör en það átti við um allt árið um kring. Við sjávarsíðuna borðaði fólk nýjan fisk í mun meira magni en annarstaðar. Tilbreytingin í mataræðinu var mest á tyllidögum en í því samhengi má benda á bygggraut eða kjötsúpu. Á stórhátíðum, svo sem páskum og jólum, var venjan að borða hangikjöt.⁹¹ Í Rangárvalla-, Árness- og Gullbringusýslu greindu þeir frá því að mataræðið væri mestmegnis það sama og í Kjósarsýslu. Fiskur væri algengastur við sjávarsíðuna, bæði nýr eða hertur en þar borðuðu menn einnig kjöt sem þeir keyptu af uppsveitarmönnum. Þó var kjötið ekki reykt eins og víðast hvar á landinu heldur hengt upp í hjalla og látið vindþorna, áður en

⁸⁸ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 202.

⁸⁹ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 203-204.

⁹⁰ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 205-206.

⁹¹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 16.

það var smám saman soðið í súpu.⁹² Á Suðurlandi tíðkaðist víða að borða flóaða mjólk, fullan ask á morgnanna og einn spón út í af súru skyri.⁹³

Í flestum meginatriðum höfðu þeir Eggert og Bjarni það sama að segja um mataræði Norðlendinga og þeir höfðu sagt um mataræði Sunnlendinga en þar var munurinn einkum sá að nýr fiskur virtist algengari við sjávaríðuna en í uppsveitunum.⁹⁴

Slíkt hið sama höfðu þeir að segja um Vesturland en þar var margt líkt og á Suðurlandi en þó meiri fjölbreytni. Í Borgarfjarðarsýslu var mataræði reglulegra, óbrotnara og fornlegra en við sjávarsíðuna, þar sem útlendingar höfðu kennt fólkinu allskonar nýbreytni. Í miðdegisverð var iðulega harðfiskur, nýr lax eða silungur með smjöri en stundum flatbrauð með osti. Um sláttinn og á haustin var kjötsúpa soðin í sýru og borðuð á helgidögum. Á veturna var sami matur allra virka daga en á hátíðis- og tyllidögum hangikjöt eða saltkjötssúpa.⁹⁵ Í Snæfellsýslu var þessu háttað á svipaðan máta og í Borgarfjarðarsýslu, munurinn þó einkum sá að þar var blautfiskur algengari og minna af mjólkurmat en í sveitunum. Þurrabúðarfólkið og aðkomnir vermenn borðuðu harðfisk eða nýjan fisk með smjöri bæði kvölds og morgna en miðdegisverður var ekki borðaður á róðrardögum. Þá var fæði þurrabúðarmanna hið sama og vermanna að mestu leyti.⁹⁶

Á Vestfjörðum og í Dalasýslu sögðu þeir Eggert og Bjarni að mataræði væri í megindrátum eins og þeir höfðu skýrt frá í Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum og að nokkru leyti eins og í Snæfellsýslu, að Vestfirðingar hefðu aðallega fisk til matar, einkum steinbít. Þeir ríkustu borðuðu rikling, rafabelti, signa grásleppu, og rauðmaga. Vestfirðingar virðast þó hafa borðað minna af smjöri en aðrir Íslendingar en líkt og annarstaðar á landinu var hangikjöt borðað á tyllidögum.⁹⁷

Í Múla- og Skaftafellssýslum á Austurlandi var mataræði einnig að mestu eins og annars staðar á landinu. Þar var algengt að borða hertan kola en hann borðuðu Hornfirðingar og Lónsmenn í stað harðfisks á veturna. Austfirðingar borðuðu þó minna af fiskmeti en tíðkaðist annarstaðar á landinu en aðallífsviðurværi sitt fengu þeir af búfénaðinum.⁹⁸

⁹² Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 220.

⁹³ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 34.

⁹⁴ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 46.

⁹⁵ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 104.

⁹⁶ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls bls. 191.

⁹⁷ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 266.

⁹⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 132.

Erlendu ferðalangarnir skrifuðu nokkuð í um mataræði Íslendinga í ferðabækur sínar enda þótti mataræði Íslendinga nokkuð ólíkt því sem þeir þekktu. Lýsingar Holland og féлага eru nokkuð athyglisverðar fyrir þær sakir að þar kemur fram að mataræði Íslendinga hafi verið nýstárlegra en nokkuð annað af heimilisháttum þeirra en þeir töldu allt brauð nema rúgbrauð vera fágætt og að grænmeti skorti næstum því algjörlega. Þá sögðu þeir fiskinn vera aðalfæðuna á landinu og var hann auðfenginn að þeirra sögn.⁹⁹

Ebernezer Henderson tók í sama streng en áleit að hversdagsmatur Íslendinga væri ákaflega fábreyttur. Í lýsingunum sagði hann að Íslendingar borðuðu skyr til morgunverðar, harðfisk með smjöri til miðdegisverðar en annaðhvort skyr, ofurlítið af brauði með osti eða graut úr fjallagrösom til kvöldverðar. Þá sagði hann að um sérstök tækifæri, til dæmis á sunnudögum og öðrum helgidögum myndu þeir borða soðið hangikjöt, rúggraut og mjólk.¹⁰⁰ Þá minntist hann á mataræði Íslendinga eftir eftir gosið í Skaftáreldum sem hófst árið 1783. Þar nefndi hann að þegar búið væri að éta þær skepnur sem höfðu dáið úr hungri eða krankleika, höfðu vesalings Íslendingarnir ekkert til að leggja sér til munns nema húðir, gamlar skinnbætur og ólarreipi sem þeir suðu og rifu í sig.¹⁰¹ Sýnir það að landsbúar hafa þurft að nýta hverja einustu afurð til matar þegar ástandið var sem verst vegna harðinda sem riðu yfir landið. Að lokum má nefna að í Gaimard-leiðangrinum sögðu þeir félagar að flestir íslenskir sjómenn lifðu eingöngu á fiski og þá aðallega þorskhausum en harðfiski yfir vetrartímum.¹⁰²

Samantekt

Í meginráttum var mataræðið á landinu öllu með nokkuð svipuðu móti að mati Niels Horrebow, Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Munurinn virtist hafa aðallega legið í að fiskur væri algengari við sjávarsíðuna en í uppsveitum landsins. Fiskmeti var þó óalgengara á Austurlandi en annars staðar á landinu. Allstaðar var gerð tilbreyting á tylli- og hátíðisdögum en á harðindatímum þurftu landsbúar að nýta hverju einustu afurð til matar. Í augum erlendu ferðalangana voru matervenjur Íslendinga hinsvegar fábreyttar og ólíkar því sem þeir höfðu kynnst.

⁹⁹ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 56-57.

¹⁰⁰ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 72.

¹⁰¹ Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls. 171.

¹⁰² Eugène Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 21.

Klæðnaður

Í kaflanum verður rætt um klæðnað Íslendinga og hvort hugmyndir hafi verið um að klæðaburður manna væri ólíkur eftir héruðum. Var klæðnaður landsmanna allur hinn sami eða voru tilhneygingar í klæðaburði ólíkar eftir héruðum?

Fatnaður Íslendinga um miðja 18. öldina var þannig að aðalklæðnaður karla var skyrti og nærbuxur. Slíkar skyrtur voru úr vaðmáli með kraga og líningum en hvort tveggja var krækt með pörum úr látúnsvír. Nærbuxurnar eða brækurnar voru yfirleitt prjónaðar. Utan yfir klæddust menn nærpeysu að ofanverðu sem var yfirleitt prjónuð og oftast blá eða grá að lit. Hversdagslega á vetrum voru skinnpeysur notaðar utanyfir. Ytri buxur voru víðar við hnéð með líningu. Á ferðalögum klæddust menn síðhempu sem náði niður á hné. Sokkar voru háir upp á mitt hné en skór úr leðri eða sauðskinni. Á höfðinu báru menn skotthúfu sem var grá, sauðsvört eða dökkblá að lit. Þegar veður var vont báru menn lambhúshettu eða Mývatnshettu á höfðinu til skjóls en sú síðarnefnda var með breiðum kraga út á herðar og axlir. Mývatnshettur tíðkuðust þó ekki annarstaðar en í Þingeyjar-, Eyjafjarðar- og Múlasýslum.¹⁰³

Aðalbúningur kvenna var treyja, pils og svunta utanyfir með frampröngum ermum. Flíkurnar voru ufrleitt úr vaðmáli en úr klæði á heldri konum og var búningurinn oftast svartur að lit. Um höfuðið var undið stykki af grófu lérefiti og eitthvað haft að innan til að halda því stinnu en slíkt kallaðist faldur. Hversdagsbúningur kvenna var pils og treyja með litlum eða engum leggingum og strompur eða kollhúfa á höfði. Húfan var svört en var að öðru leyti lík skotthúfu karla, með stóru skotti og skúf.¹⁰⁴

Í ferðabókunum er að finna margvíslegar lýsingar á klæðaburði Íslendinga. Niels Horrebow sagði Íslendinga klæðast heimaunnum fatnaði að mestu og að hann væri unninn úr vaðmáli.¹⁰⁵ Hann áleit svo að fatnaður alþýðu, buxur og treyjur, líktust dönskum sjómannaklæðnaði. Um klæðnað íslenskra kvenna sagði hann að þær gengu um í pilsum, treyjum og svuntum úr klæði og vaðmáli en hempu utan yfir sem minnti hann presthempur.¹⁰⁶ Þá báru þær höfuðbúnað sem hann sagðist ekki hafa séð annarstaðar en á Íslandi. Um var að ræða hinn svokallaða fald en á neðanverðum

¹⁰³ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 12-17.

¹⁰⁴ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 19-24.

¹⁰⁵ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 209.

¹⁰⁶ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 210.

faldinum var vafinn fallegur silkiklútur.¹⁰⁷ Að lokum nefndi hann að efnafólk, lögmenn, sýslumenn og annað fyrirfólk ætti skrautlegri föt en alþýðan, vandaða klæðiskjóra sem gjarnan voru skilkifóðraðir. Auk þess sem það bar ýmislegt skraut á klæðum sínum sem ekki tíðkaðist meðal almennings.¹⁰⁸

Um klæðaburð Íslendinga sagði Uno von Troil að Íslendingar hefðu lítið sem ekkert breytt klæðaburði sínum á síðari tímum. Í hans augum var klæðnaður þeirra hvorki glæsilegur né skrautlegur en hentugur íslensku veðurfari. Lýsingar hans svipuðu að mestu til lýsinga Horrebow en Troil nefndi þó að allur fatnaður karlmanna væri úr svörtu vaðmáli nema í Arnarfirði á Vestfjörðum, þar sem menn gengu aðallega um í hvítum fötum.¹⁰⁹

Þeir Eggert og Bjarni lýstu íslenskum klæðnaði og voru þær í anda við lýsingar Niels Horrebow og Uno von Troil en þeir sögðu: „Um klæðaburðinn er það sérstaklega að segja, að bændur um allt land ganga í svörtum vaðmálsfötum, svo að mönnum gæti til hugar komið að þeir sætu sífellt í sorgum.“¹¹⁰ Þeir leituðust hinsvegar ekki eftir því að bera klæðnað Íslendinga saman eftir héruðum.

Í ferðabók Henry Holland birtust lýsingar á klæðnaði Íslendinga, einkum íslenskra sjómanna. Klæðnaður þeirra hentaði starfi þeirra vel að hans sögn. Yst fata klæddust þeir sjóklæðum úr sauðskinni eða selkinni, en innanundir fötin voru úr grófgerðu vaðmáli. Öll voru þau heimaunnin.¹¹¹

Lýsingar á klæðnaði Íslendinga var einnig að finna í *Ferðabók* Ebernezer Henderson. Íslenska kvenbúningnum lýsti hann þannig að skyrtan hafi venjulega verið úr vaðmáli. Auk tveggja eða þriggja pilsa úr sama efni sem voru kölluð föt, með svuntu að framan úr bláum dúk með svörtum flosfjöðrum. Meginhluti hans var faldurinn sem var vefjarhöttur úr hvítu líni. Hversdagslegur vinnuklæðnaður kvenna að sumri til var skyrta og pils úr hvítu vaðmáli ásamt blárri húfu. Klæðnaður karlmanna þótti honum öllu einfaldari en honum fannst hann líkjast fatnaði sveitamanna í Noregi. Þeir klæddust vaðmálsskyrtu og bláu vesti, treyju og buxum úr sama efni. Heima gengu þeir með svipaðar húfur og konur en barðastóra hatta þegar þeir ferðuðust og einnig síðhempu til hlífðar gegn regni og kulda.¹¹²

¹⁰⁷ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 212.

¹⁰⁸ Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 209-210.

¹⁰⁹ Uno von Troil, *Bréf frá Íslandi*, bls. 67.

¹¹⁰ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 221-222.

¹¹¹ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 34.

¹¹² Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls. 80-81.

Lýsingar Paul Gaimard og félaga voru nokkuð í anda við lýsingar Henderson en þeir lýstu fatnaði kvenna með svipuðum hætti. Þar fannst þeim höfuðbúnaðurinn sérkennilegastur sem þeir lýstu sem svörtum og rauðum silkiklút. Að undir honum væri stífl plata, klædd lérefti og hún fest með títuprjónum. Beygðist hún fram á við þannig að hún minnti helst á hjálmskraut. Um karlmannsfötin höfðu þeir minna að segja nema um sjómannaþæðin en sjómenn klæddust síðum skinnbrókum, skinnstakk og sjóvettlingum. En hversdagslega gengu karlmenn í treyju, stuttbuxum og ullarsokkum sem fóru upp fyrir hné. Að lokum sögðu þeir að sparifatnaður karla væru frakkar úr íslensku vaðmáli, prjónuð húfa á höfði eða flókahattur þegar meira lá við.¹¹³

Í sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélag laust fyrir miðja 19. öldina voru sýslumenn landsins beðnir um að skrifa stuttar lýsingar á klæðnaði sýslubúa. Þar kom í ljós að í búningur karla og kvenna í Gullbringu- og Kjósarsýslu væri laus við alla þá tilgjörð sem tíðkaðist víðast annarstaðar á landinu. Kvenfólk klæddist íslenskum búningi, hversadagslegri húfu, peysu og pilsu sem var blátt eða svart að lit. Sunnudagsbúningurinn var faldurinn sem erlendu ferðamennirnir höfðu lýst. Hversdagslega klæddust karlmenn treyju og langbuxum úr svörtu eða bláu vaðmáli sem var algengast til fatagerðar. Sunnudagstreyjur og buxur karlmannna voru þó oftast úr klæði.¹¹⁴ Klæðnaður íbúa Árnassýslu var svipaður og í Gullbringu- og Kjósarsýslu en sýslumaðurinn það einnig fram að búningur fólks væri almennt tilbreytingarminni en fyrir norðan og austan.¹¹⁵ Þá svipuðu lýsingar sýslumannsins í Rangárvallasýslu einnig til lýsinga Gullbringu- og Kjósarsýslu.¹¹⁶

Samkvæmt lýsingum sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu klæddust karlmenn bláum hornalausum treyjum, stuttum vestum og bláum síðum buxum en eldri menn klæddust peysum eða mussum, síðum vestum og hnébuxum. Nærri allar konur gengu í svörtum vaðmálaskjólum með svokallaða skotthúfu við dagleg störf. Til fótabúnaðar notaði fólk ennþá skó úr sauðskinni en þó var allstaðar tilhneyging til að líkja eftir dönskum fatagerðum.¹¹⁷ Í Þingeyjarsýslum var klæðnaður nokkuð svipaður og í Eyjafjarðarsýslu. Þar sagði sýslumaðurinn að ár frá ári væri fólk farið að hallast meira að dönskum klæðnaði, til dæmis kvenfrakka og kvenhatta að dönskum stífl en faldurinn

¹¹³ Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 26.

¹¹⁴ *Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 24-25.

¹¹⁵ *Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 30-31.

¹¹⁶ *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 7.

¹¹⁷ *Eyjafjarðarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 36.

var á undanhaldi.¹¹⁸ Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu talaði einnig um að fólk væri farið að apa eftir dönskum sið og að karlmenn í sýslunni væru eins klæddir og karlmennirnir í Eyjafirði- og Skagafirði.¹¹⁹

Í Dalasýslu klæddust karlmenn stuttum treyjum, brókum og vesti af innlendum vefnaði og með bláa skotthúfu á höfðinu. Peysa og pils ásamt röndótttri svuntu var almennasti kvenfatnaðurinn en hempurnar voru ekki eins algengar og áður.¹²⁰ Í Mýra-, Hnappadals- og Borgarfjarðarsýslum var klæðnaður með nokkuð svipuðu móti og í Dalasýslu.¹²¹ Í megindrátum var það sama uppi á teningnum í Snæfellssýslu.¹²²

Í Skaftafellsýslu á Austurlandi voru ungir menn klæddir eins og annarstaðar á landinu.¹²³ Í Múlasýslum klæddust karlar aðallega svörtum vaðmálshempum og gráum langbuxum. Kvenbúningur var bláar eða svartar treyjur og blá eða svört pils sem unnin voru úr vaðmáli.¹²⁴

Samantekt

Að sögn Niels Horrebow var munrinn mestur á klæðnaði alþýðunnar og heldra fólks sem átti skrautlegri klæðnað. Þeir Eggert og Bjarni leituðust heldur ekki eftir því að greina klæðaburð eftir héruðum en þeir sögðu Íslendinga klæðast svörtum fötum úr vaðmáli. Þá var fátt við klæðnað Íslendinga sem heillaði Uno von Troil en það athyglisverðasta í lýsingum hans er að hann taldi að klæðnaður karlmanna í Arnarfirði væri öðruvísi en annarstaðar á landinu. Aðrir ferðalangar nefndu ekki slíkan héraðamun á klæðnaði en í augum þeirra var það kvenbúningurinn sem fékk mesta athygli en hann var ólíkur öllum þeim klæðnaði sem þeir höfðu augum litið.

Í sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags má sjá lýsingar sýslumanna á klæðnaði eftir héruðum. Þar standa sýslumanna sunnanlands upp úr sem voru þess efnis að klæðnaðurinn þar hafi verið tilbreytingarminni en norðanlands. Að öðru leyti virðist ekki hafa verið mikill munur á klæðnaði Íslendinga eftir héruðum.

¹¹⁸ *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 27 og 202-203.

¹¹⁹ *Húnavatnssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 5-6.

¹²⁰ *Dalasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 22.

¹²¹ *Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 28 og 183.

¹²² *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 22.

¹²³ *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 20.

¹²⁴ *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 20 og 276.

Vinna og verkleg kunnátta

Aðalstörf Íslendinga voru landbúnaður og fiskveiðar. Afkoma Íslendinga hélst því í hendur við þessar greinar sem framfleyttu íbúum landsins. Þrátt fyrir að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar hafi stundað ofangreind störf á 18. öld lögðu fjölmargir stund á iðnað eða þjónustustörf meðfram. Lífsbaráttan var hörð og var allur vinnukraftur nýttur. Verkaskipting á milli kynja var talsverð en óalgengt var að konur stunduðu sjóinn og stunduðu þær því mun meira af innanhússtörfum en karlar.¹²⁵

Sjósókn Íslendinga var mest síðari hluta vetrar en um það leyti gekk fiskurinn á grunnmið. Á þessum árstíma söfnuðust menn saman á þeim stöðum sem styst var til fiskimiða en þeir voru einkum á nesum og í eyjum. Þessir staðir nefndust ver eða verstöðvar en ártíminn kallaðist vertíð. Vertíð hófst mismunandi snemma eftir legu staðar og fór það eftir fiskigöngum. Vermenn sem oft voru vinnumenn bænda þurftu því oftast en ekki að fara langa leið til verstöðva í fjarlægum sýslum eða héruðum.¹²⁶

Eggert og Bjarni greindu frá því að hin hefðbundnu störf Íslendinga skiptust í vetrar-, vor-, sumar- og hauststörf. Í Kjósarsýslu fengust karlmenn við tóskap á veturna sem annars var aðallega kvennavinna. Kjalnesingar stunduðu sjóinn allt árið um kring eða þegar tími gafst til frá öðrum störfum. Á vorin fóru Mosfellssveitingar og íbúar Kjósarsýslu í verin á Seltjarnarnesi eða á Suðurnesi. Um alla Mosfellssveit létu bændurnir bæði konur og börn annast heimilisstörfin allt fram að slætti en stunduðu sjálfir sjómennsku.¹²⁷ Á sumrin byrjaði slátturinn þegar grasið var fullsprottið, oftast um miðjan júlí en það fór eftir árferði. Verkaskiptingin var þannig að karlinn sá um að slá en konan rakaði heyinu saman á staði þar sem það gat þornað. Að því loknu var það flutt heim í heygard, hlaðið saman og bundið í bagga.¹²⁸ Á haustin störfuðu bændur í Kjósarsýslu við fjársmölun og slátrun þess. Torfristun var einnig mikilvæg en torfið var notað til að þekja húsin svo þau gátu haldið hlýju og varist regni.¹²⁹

Í Rangárvalla-, Árness-, og Gullbringusýslum voru þessi störf yfirleitt með svipuðum hætti og í Kjósarsýslu að sögn Eggerts og Bjarna. Fiskveiðar voru þó aðalstörf manna í Gullbringusýslu en þangað sóttu menn úr öðrum sýslum til fiskveiða. Fiskveiðarnar kröfðust því langmestrar vinnu allra atvinnugreina í sýslunum. Þó svo að

¹²⁵ Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar almennt yfirlit“, bls. 58.

¹²⁶ Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar almennt yfirlit“, bls. 58.

¹²⁷ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 20

¹²⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 20

¹²⁹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 21.

jarðyrkja, heyskapur og fénaðarhirðing væru aðalstörf manna í Rangárvalla- og Árnessýslum.¹³⁰

Á Norðurlandi voru dagleg störf með svipuðu móti og í Kjósarsýslu, einkum í því sem varðaði sveitavinnu árið um kring. Hinsvegar var silungur veiddur í miklum mæli í Húnavatnssýslu enda auðfengnari þar en annarstaðar á landinu. Hákarlaveiðar voru einnig stundaðar af kappi úr Fljótum og af Skaga en í Eyjafirði voru góðir skutlarar sem veiddu smáhveli. Þá sóttu fjölmargir Norðlendingar verstöðvarnar bæði sunnan- og vestanlands.¹³¹ Það voru því miklar kvaðir lagðar á norðlenska vermenn sem þurftu að fara langar leiðir til að sækja verstöðvarnar í öðrum sýslum eða héruðum.

Í Borgarfjarðarsýslu á Vesturlandi sóttu menn sjóinn að staðaldri en Eggert og Bjarni nefndu að aðalstörf manna væru með svipuðum hætti og í Kjósarsýslu. Menn gættu þó heyskapar og annarrar árstíðarvinnu. Á vetrum höfðu karlmenn nóg að gera í hirðingu á skepnum en konurnar unnu innandyra við tóvinnu. Á vorin fóru allir karlmenn sem heimilin máttu missa í verið um miðjan febrúar. Flestir þeirra til verstöðvanna undir Jökli en þar hófst vorvertíð í kringum góukomu en sunnanlands í kringum kyndilsmessu. Á þessum tíma ráku menn einnig sauði upp á fjall, tóku mó til eldiviðar og ristudu torf til húsagerðar og viðhalds á eldri húsum. Kvenfólkið vann á túnum, hreinsaði þau, mjólkaði ærnar og gætti lambanna. Yfir sumartímamann var heyskapurinn aðalstarfið og var hann rekinn með svipuðum hætti og annarstaðar. Þegar líða fór á haustið voru fjallgöngur aðalstörf manna að heyönnum loknum, þar sem sauðir og lömb voru rekin heim til bæja en slátrun heimilanna fór iðulega fram í október. Þá dyttuðu menn gjarnan upp á heimilin fyrir veturinn.¹³²

Í byggðarlögunum í Snæfellssýslu voru fiskveiðar aðalstörf manna. Margir þurftu þó að sinna landvinnu og skepnum sínum, sérstaklega á veturna og var það með sama hætti og í Kjósarsýslu. Þeir sem lögðu mest kapp á sjómennskuna vanræktu oftast skepnur sínar og allan búrekstur. Það var á fárra manna færi að stunda hvoru tveggja að miklu kappi.¹³³ Við Breiðafjörð og í Dölum töldu Eggert og Bjarni að dagleg störf væru hin sömu og í Borgarfjarðarsýslu. Fyrir norðan Látrabjarg var minna að gera í landi en sunnar. Þar fengust karlar við tóskap á vetrum eins og víða á landinu. Þá var útróðurinn aðalstarf manna og vildu menn ekki stunda annað en hann og heyskapinn á meðan á

¹³⁰ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 222-223.

¹³¹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 48.

¹³² Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 105-107.

¹³³ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 195.

honum stóð. Það olli hinsvegar miklum óþægindum á Vestfjörðum að menn ferðuðust fótgangandi á veturna. Var það vegna þess að hestar voru fáir og landið erfitt yfirferðar. Af þeirri ástæðu voru Vestfirðingar taldir betri göngumenn en aðrir Íslendingar en þeir gengu um tíu mílur á dag, báru þungar byrðar og voru þess vegna þolnari en aðrir landsmenn til vinnu að sögn Eggerts og Bjarna.¹³⁴

Í Múla- og Skaftafellssýslum á Austurlandi var störfum háttað á svipaðan máta og víðsvegar annarstaðar. Á Langanesi eða nyrst í Múlasýslu urðu menn þó að stunda sjó, hákarlaveiðar og selveiði á sumrin meðfram störfunum í landi.¹³⁵

Þrátt fyrir að þessi störf Íslendinga hafi verið bundin við árstíðirnar fjórar, vildi Ebernezer Henderson meina, í nokkuð ströngum skilningi, að það væru einungis tvær árstíðir á Íslandi, vetur og sumar. Sumarið taldi hann stutt og varla á það að treysta en þjóðin þurfti að nýta það að ítrasta megni, til að afla til vetrarins. Hann sagði einnig frá hinni íslensku vertíð sem stóð frá 3. Febrúar til 12. maí en þá myndi fjöldi manns safnast saman til suður- og vesturstrandarinnar frá héruðunum á Norðurlandi og Austurlandi.¹³⁶

Þá taldi Henderson að mikilvægasta sveitavinnan á Íslandi væri heyskapurinn. Hann lýsti honum á þá leið að um miðjan júlí væru túnin slegin en að konurnar rökuðu grasið á hentuga staði til að þurrka það. Um vetrarvinnuna sagði hann að störf karlmannna væru fólgin í því að rista torf til eldsneytis og í húsapök. Þegar fénaður hafði verið rekinn upp á fjöll, tæki kvenfólkið það að sér að sjá um kýrnar og ærnar sem þær mjólkuðu tvisvar sinnum á dag. Að lokum minntist Henderson á kaupstaðarferðir eða lestarferðir í kaupstaðinn þar sem fólk búsafurðir voru seldar fyrir nauðsynjar til vetrarins.¹³⁷ Um slíkar kaupstaðarferðir var sá orðómur sunnanlands um Austanmenn að þeir hafi tekið sinn tíma í slíkar ferðir og verið í kaupstaðnum í þrjá eða fjóra daga. Þetta kölluðu þeir að heyja frá eða að létta af hemilinu með því að liggja upp á öðrum.¹³⁸

Um störf Íslendinga sögðu Paul Gaimard og félagar að konurnar störfuðu innandyrá á veturna við sauma- og þrjónaskap meðan karlmennirnir hreiðruðu um sig í fletum sínum og reyndu að halda á sér hita.¹³⁹ Þeir höfðu einnig orð á því að aðalatvinnuvegur þeirra sem bjuggu við sjóinn væru fiskveiðar og að konurnar

¹³⁴ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 267.

¹³⁵ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 132.

¹³⁶ Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls. 221.

¹³⁷ Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls. 223-225.

¹³⁸ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 75.

¹³⁹ Eugène Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 21.

önnuðust búskapinn að mestu leyti en þær yrktu jörðina, slóu gras, rökuðu og komu heyinu í hlöðu.¹⁴⁰

Þar sem fiskveiðar voru oftast en ekki aðalstörf manna voru sýslumenn í landinu beðnir um að nefna hvaða verstöðvar á landinu vermenn sýslunnar sóttu. Þar kom í ljós að í Árnassýslu sóttu menn sjóinn á verstöðvunum í Gullbringusýslu.¹⁴¹ Það sama gerðu íbúar Rangárvallasýslu.¹⁴²

Úr Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu þurftu menn hinsvegar að fara langa leið til verstöðva í Gullbringusýslu.¹⁴³ Sama átti við um vermenn í Þingeyjarsýslum.¹⁴⁴ Þá sóttu vermenn í Húnavatnssýslu í verstöðvarnar á suður- og vesturlandi.¹⁴⁵ Það voru því miklar kvaðir lagðar á vermenn í landsfjórðungnum.

Í Dalasýslu sóttu menn verstöðvarnar í Snæfellsýslu en einnig tíðkaðist að menn færu þaðan til verstöðva í Gullbringusýslu.¹⁴⁶ Hið sama var að segja um vermenn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.¹⁴⁷ Íbúar Snæfellssýslu þurftu því ekki að sækja langt til fiskveiða enda margar verstöðvar í sýslunni. Í Skaftafellssýslu ferðuðust menn gjarnan til verstöðvanna í Vestmannaeyjum eða suður í Garð í Gullbringusýslu.¹⁴⁸ Í Múlasýslu á Austfjörðum var þó ekki algengt að sækja fiskveiðar í öðrum sýslum.¹⁴⁹

Meðfram þessum störfum á landi og sjó var einnig mikilvægt að kunna vel til annarra verka en handleikni var nauðsynleg þar sem fólk þurfti sjálft að sjá um allt viðhald á heimilinu. Um miðja 18. öldina voru þó ekki lærðir handverksmenn á Íslandi eins og í öðrum löndum. Þrátt fyrir það voru náttúruhagir menn á landinu sem höfðu lært að smíða úr járn, tré, kopar og öðrum efniviði. Þeir smíðuðu alls konar búsgögn. Líkt og í öðru voru menn misjafnlega hæfir í þessum smíðum og fór það eftir því hvort smíðað var úr tré, málm eða kopar. Í trésmíði fólst húsasmíði, töflupil, ílát, torf- og heygrip, bátasmíði með öllum útbúnaði og svo framvegis. Í járnsmíði voru smíðuð allskonar verkfæri, litlar axir, sagir, nafrar, hefiltannir, hnífar, ljáir, naglar, skeifur, lásar, lyklar, og refabogar. Í kopar- og látúnsmíði voru smíðaðir ýmsir skrautmunir, hnappar, spennur, kvenbelti, sylgjur og lykkjur. Í silfursmíði allskonar kvensilfur,

¹⁴⁰ Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 32.

¹⁴¹ *Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 31.

¹⁴² *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 8.

¹⁴³ *Eyjafjarðarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 36.

¹⁴⁴ *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 28.

¹⁴⁵ *Húnavatnssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 6.

¹⁴⁶ *Dalasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 22.

¹⁴⁷ *Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 29.

¹⁴⁸ *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 21.

¹⁴⁹ *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 20.

skeiðar og hnífsköft. Kjósarsýslubúar smíðuðu hinsvegar lítið af þessum hlutum nema nauðsynjavörur. Þar sem þeir versluðu slíkar vörur við erlenda kaupmenn en þær vörur þóttu vandaðari.¹⁵⁰

Í Rangárvallasýslu töluðu Eggert og Bjarni um góða silfur-, járn- og látunssmiði sem smíðuðu ýmsa málmhluti. Við sjávarsíðuna og í Gullbringusýslu voru bæði húsa- og skipasmiðir en nokkrir af þeim höfðu lært iðn sína erlendis sem var ekki algengt á þeim tíma.¹⁵¹ Þá voru margir sem fengust við smíðar og allskonar hagleik á veturna og voru margir hagleiksmenn með afbrigðum á tré, járn og silfur.¹⁵²

Ýmsar frásögur fóru um slíka sjálfmenntaða smiði, til dæmis sagan af Illuga smið á Suðurlandi en samkvæmt sögunni átti hann að hafa smíðað tólf mjólkurtog á einum degi með skaröxinni einni og að ekkert þeirra hafi lekið. Sömu sögu var ekki að segja um mótherja hans sem notaði danskan hefil og kláraði átta mjólkurtog sem láku öll meira eða minna.¹⁵³

Skúli Magnússon sagði í *Lýsingu Gullbringusýslu* að í sýslunni hafi verið búsettir timburmenn, snikkarar, skósmiðir, beykjar, járnsmiðir, gullsmiðir, sútari, hálfgildings úrsmiður, gjarðasmiður, klæðskeri og múraramestari og að þeir hafi allir verið menntaðir í Kaupmannahöfn. Hinsvegar hafa vafalaust margir af þeim verið danskir. Þá hafa færri iðnmenntaðir menn búið í öðrum sýslum á landinu enda taldist Reykjavík hluti Gullbringusýslu en þar var mikill iðnreksur í samanburði við íslenskan mælikvarða.¹⁵⁴

Í hagleik og listsmíði þóttu Norðlendingar engir eftirbátar annarra landsmanna í augum Eggerts og Bjarna. Þar voru húsasmiðir, járnsmiðir, drifsmiðir og silfursmiðir en norðanmenn voru taldir vandvirkir í húsagerð. Bátar þeirrar voru einnig fallegir og endingargóðir en þeir líktust bátum Breiðfirðinga. Í Húnavatnssýslu, Skagafirði og Eyjafirði var smíðað mikið af látúns-, járn- og silfurmunum sem voru seldir í kaupstaðarferðunum á bæði Suður- og Vesturlandi. Handiðnir kvenna voru einnig mjög vandaðar í fjórðungnum.¹⁵⁵ Þessu lýsti Tómas Sæmundsson einnig í Fjölni árið 1835 en um Norðlendinga sagði hann:

¹⁵⁰ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* I, bls. 23.

¹⁵¹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls. 225.

¹⁵² Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 114.

¹⁵³ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 117.

¹⁵⁴ Lýður Björnsson, „Upplýsing og innréttingar 1741-1783“, bls. 114-115.

¹⁵⁵ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna* II, bls 51.

„Húnvetningar, eins og allir Norðlendingar vel flestir, hafa það og fram yfir Sunnlendinga, að þeir vanda vel til fjárhúsa og setja nákvæmlega á heybirgðir sínar, því þeir skilja, að líf þeirra liggur þar við, að þess sé gætt. Spyrja þeir hvern mann, sem á þeirra náðir leitar, eins og forfeður vorir gjörðu, hvað honum sé bezt hent að vinna. Þeir eru smiðir, vefarar, fjármenn og hver í sinni grein vandvirkir mjög, og þykir, sem von er, þeim ekki matur gefandi, sem ekki er fær í einhverju. Við Sunnlendingar vöndum raunar til alls jafnt, eða réttara sagt, við vöndum til einskis, viljum hafa allt undir, vera bæði til sjávar og sveita og höldum svo öngu þegar út af ber“.¹⁵⁶

Í Borgarfjarðarsýslu sögðu þeir Eggert og Bjarni frá mönnum sem lifðu á silfur- og látúnsmiði en smíði sína seldu þeir mest vestur undir Jökul. Listiðnaður kvenna var hinsvegar fólgin í fögru útrjóni með allskonar myndum og vefnaði. Heldri konur saumuðu í dúka með myndum af dýrum, fuglum og blómum.¹⁵⁷ Í verstöðvunum í Snæfellsýslu dvöldu menn sem voru nokkuð handiðnir og gátu smíðað hitt og þetta af helstu nauðsynjum að sögn Eggerts og Bjarna. Þá nokkuð um góða bátasmiði enda voru þeir eftirsóttastir handiðnaðarmanna.¹⁵⁸

Á Austurlandi töluðu þeir Eggerts og Bjarni um mikla hagleiksmenn en smíði þeirra var talin betri en vænta mátti af mönnum sem höfðu enga leiðbeiningu fengið nema þá sem heilbrigð skynsemi og eðlisgáfa gátu veitt þeim. Gripir slíkra smíða voru stundum seldir á Alþingi. Þá nefndu þeir Eggert og Bjarni bóndann Einar í Skaftafelli en hann var að þeirra mati ákaflega handlaginn. Þeir sögðu frá því að honum hafi með mikilli fyrirhöfn og án allrar aðstoðar tekist að smíða byssu og báru þeir félagar vitni fyrir því að þetta vær gott skotvopn og að bóndinn sjálfur væri hin sæmilegasta skytta.¹⁵⁹

Árið 1786 voru aðeins fimm lærðir iðnaðarmenn búsettir í Reykjavík. Þeim fór að fjölga eftir árið 1788 og í upphafi 19. aldar voru fullgildir iðnaðarmenn 16 talsins í Reykjavík, þar á meðal bakari, bókbindari, garðyrkjumaður, rokksmiður, snikkari, þrír smiðir, tveir járnsmiðir, tveir skósmiðir, tveir beykjar, steinsmiður og einn sem var bæði steinsmiður og múrari. Árið 1835 voru handverskmenn orðnir 41 og því ljóst að

¹⁵⁶ Guðmundur Finnbogason, *Íslendingar. Nokkur drög að þjóðarlýsingu*, bls. 285.

¹⁵⁷ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 57.

¹⁵⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 196.

¹⁵⁹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 136.

stórkostleg aukning hafði orðið í verklegri kunnáttu og handleikni Íslendinga, einkum í Reykjavík.¹⁶⁰

Erlendu ferðalangarnir voru margir hverjir hrifnir af því hversu handleiknir Íslendingar voru. Ebernezer Henderson sagði frá því að karlmenn smíðuðu ýmsar nauðsynjar og að sumir þeirra hafi verið ótrúlega góðir silfursmiðir og að menn hafi einnig smíðað úr kopar, tré og öðru. Þá taldi hann að Íslendingar hafi kunnað þá iðn vel að verka húðir til skófatnaðar, fletta reipi úr hrossahári og ull.¹⁶¹

Þótt Paul Gaimard og hans menn hafi verið hrifnir af því hvernig Íslendingum tókst að smíða hús úr torfi og báta úr rekaviði. Fannst þeim Íslendingar engir snillingar í vagnasmíði. Þar töldu þeir ekkert sanna þá skoðun betur en hjólbörunar sem þeir sáu í Hvammi en þær voru á tveimur hjólum og þóttu mjög erfiðar viðfangs að þeirra sögn.¹⁶²

Samantekt

Helstu störf Íslendinga voru fiskur og landbúnaður. Þeir Eggert og Bjarni sögðu að menn í Kjósarsýslu sjóinn allt árið um kring auk annarra starfa í landi. Því var háttað með svipuðum hætti í Rangárvalla-, Árness- og Gullbringusýslum. Fiskveiðar voru þó aðalstörf manna í Gullbringusýslu meðan menn lögðu áherslu á jarðyrkju, heyskap og féndarhiðingu í hinum sýslunum tveimur. Þá voru störf Norðlendinga í landi með svipuðum hætti og sunnanlands en þeir þurftu þó að sækja í verstöðvarnar sunnan- og vestanlands. Á Vesturlandi var þessu háttað þannig að störf manna í Borgarfjarðarsýslu, Dalasýslu og við Breiðafjörð líktust störfum þeim sem þeir höfðu skýrt frá í Kjósarsýslu en í Snæfellsýslu væru fiksveðiar stundaðar af miklu kappi sem þeir félagar töldu koma niður störfunum í landi. Á Austurlandi var störfum einnig háttað líkt og í Kjósarsýslu en áherslan þó frekar á landbúnað en fiskveiðar. Lýsingar erlendu ferðalangana svipaði til lýsinga Eggerts og Bjarna en ferðalangarnir skýrðu frá vinnuháttum á landinu almennt.

Að lokum má nefna þá hagleiksmenn sem voru víða um land en í öllum og héruðum og sýslum var að finna handleikna smíði sem kunnu að smíða nauðsynjar og skraut úr margskonar efni víði. Þó svo að iðnmenntaðir menn hafi aðallega verið búsettir í Gullbringusýslu en þeim tekið að fjölga verulega eftir Innréttingarnar.

¹⁶⁰ Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið Þjóðríkismyndunar 1830-1874“ bls 142.

¹⁶¹ Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls. 224.

¹⁶² Eugène Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimard leiðangrinum 1835 og 1836*, bls. 71.

Skemmtanir

Á 18. og 19. öld höfðu Íslendingar litla afþreyingu til að stytta sér stundirnar en vinnan var oft helsta skemmtun þeirra meðan þeir sátu við kvöldvökurnar. Er hægt að segja að allir Íslendingar hafi verið jafn hneigðir til skemmtunar eða ríktu skoðanir um að íbúar ákveðinna héraða væru skemmtanagjarnari og glaðlyndari en aðrir?

Á daginn var lítil tími til skemmtana og átti það við um allt landið. Þá önnuðust karlmenn við útiverk en konur við frammiverk meðan vinnukonur sátu við tóvinnuna. Það þótti hinsvegar skemmtilegt að spjalla saman eða segja sögur meðan á vinnunni stóð. Á kvöldin safnaðist heimilisfólkið saman en algengt var að lesa sögur eða kveða rímur. Þar voru fornsögurnar lesnar í miklum mæli, hvort sem um Íslendingasögur, Noregskonungasögur eða aðrar sögur var að ræða. Við sögulesturinn og einkum rímnakveðskapinn styttist tíminn og vinnan gekk greiðar fyrir sig meðan fólkið fræddist. Það var víða síður á Íslandi, einkum á Norður- og Vesturlandi að lesa ekki sögur, kvæði eða rímur á föstunni vegna þeirrar sorgar sem hvíldi yfir þeim tíma.¹⁶³

Þeir Eggert og Bjarni voru á þeirri skoðun Sunnlendingar væru lítið fyrir skemmtanir og hörmuðu þeir það mjög enda töldu þeir að margar af þeim skemmtunum sem tíðkuðust á Íslandi fyrr á öldum myndu gera þá glaðlyndari. Sunnlenskir menn stunduðu þó glímuna af kappi við sjávarsíðuna. Hinn ævaforni síður að lesa fornsögur í heyranda hljóði var viturlegasta dægradvöl Íslendinga að sögn þeirra féлага. Ef húsbóndinn ann sögulestri, fékk hann lánaðar sögur hjá nágrönnum sínum svo þær entust allan veturinn. Sögulesturinn veitti vinnufólkinu ánægju og hélt því vakandi en þessar sögur voru færðar í ljóð eða rímur til að setja þær í skemmtilegri búning. Voru þær þá kveðnar af góðum raddmönnum. Sagnalesturinn virtist þó vera á miklu undanhaldi á Suðurlandi og þá sérstaklega í Kjósarsýslu en hann var minna ræktaður þar en lengra upp í sveitum að sögn Eggerts og Bjarna.¹⁶⁴ Þá ferðuðust menn hvergi minna en í Gullbringu- og Kjósarsýslu en þeir sögðu að varla nokkur maður hefði ferðast úr fyrir sýslumörkin. Helsta ferðalag sýslubúa var til kirkju sem þeir félagar töldu að væri í kringum eina mílu að lengd.¹⁶⁵

Einnig töldu Eggert og Bjarni Norðlendinga hafa það sama til skemmtunar og Sunnlendingar. Þeir vildu þó meina að þar væri ekki eins mikill skortur á skemmtunum

¹⁶³ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 246-247.

¹⁶⁴ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 27-28.

¹⁶⁵ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 25.

vegna þess að Norðlendingar voru sífellt á ferðalagi sem þeir gerðu sér til skemmtunar. Þá þótti þeim Húnvetningar og Skagfirðingar þeir léttlyndustu í fjórðungnum en austar í fjórðungnum ferðuðust menn lítið sem ekkert og lifðu því kyrrlátara lífi.¹⁶⁶

Í umfjölluninni um fólkið í sveitunum á Vesturlandi sögðu þeir félagar að fólkið þekkti ennþá minna til skemmtana en Sunnlendingar. Þeir voru áhyggjufullir yfir því hversu snauð þjóðin var af skemmtunum sem gætu vakið gleði manna og eytt þunglyndi þeirra. Þá var einnig minna um þessar skemmtanir upp í sveitunum en við sjávarsíðuna en menn iðkuðu glímur í minni mæli á þessum slóðum en annar staðar. Spil, töfl og skáktöfl voru einnig iðkuð en ekki í ríkum mæli. Í Borgarfirði voru útreiðar höfuðskemmtun manna umfram það, sem annarstaðar var títt á Vesturlandi.¹⁶⁷ Þá töldu Eggert og Bjarni að Snæfellsnes væri næstum eini staðurinn á landinu þar sem menn stunduðu glímu í tómsundum sínum. Lestur fornsagna og rímnakveðskaður tíðkuðust einnig við sjávarsíðuna.¹⁶⁸

Vestfirðingar höfðu einnig skemmtanir lítt um hönd eins og víðast hvar á Vesturlandi að sögn Eggerts og Bjarna. Þeir unnu kyrrð og einveru og þóttu hneigðir til þunglyndis. Mjög fáir iðkuðu glímu en helsta skemmtunin var sagnalestur. Fólk hefur þó stundað skáktafl á Vestfjörðum en þeir félagar sögðu nokkuð ítarlega frá þeim leik í kaflanum um Vestfirði.¹⁶⁹

Á Austurlandi var lítið um skemmtanir en þeim Eggerti og Bjarna fannst íbúarnir fjarri því að vera glaðværir og jafnvel þunglyndir. Helsta skemmtun þeirra var að lesa fornsögurnar eins og víða annarstaðar en Eggert taldi þær vernda málið. Glímur, töfl, skáktafl og spil voru þó sjaldgæfar skemmtanir á Austfjörðum. Íbúarnir ferðuðust með sama hætti og íbúar annarstaðar á landinu en þó voru slík ferðalög afar fátíð meðal Austfirðinga.¹⁷⁰

¹⁶⁶ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 51.

¹⁶⁷ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 108.

¹⁶⁸ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 204.

¹⁶⁹ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna I*, bls. 270.

¹⁷⁰ Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts og Bjarna II*, bls. 136-137.

Í augum Henderson var kvöldvakan á íslenskum heimilum nokkuð athyglisverð. Lýsti hann henni með eftirfarandi hætti:

Þegar klukkuan er á milli þrjú og fjögur, er hengdur upp lampi í baðstofunni, sem er aðal-íveruherbergið og í senn setustofa og svefnstofa, og hver maður sezt í sæti sitt með verkefni sitt í höndunum. Situr hver á sínu rúmi, en rúmin eru andspænis hvert öðru. Húsbóndinn og húsmóðirin, ásamt börnunum eða öðrum ættingjum sitja á instu rúmunum í stofunni, en þar utar frá sitja hjúin. Ekki hefir fyr verið tekið til starfa en einn heimilismanna, til þess valinn, tekur sjer sæti í nánd við lampann, hefur upp raust sína og tekur að lea það, er lesa skal það kvöldið. Er það tíðast fornsaga, eða einhver önnur saga fáanleg í landinu.¹⁷¹

Kvöldvökuvinnunni var svo iðulega haldið áfram þar til komið var nær miðnætti og þegar henni var hætt söng fólkið einn eða tvo sálma. Að því loknu las heimilisfaðirinn bæn og lauk athöfninni með sálmasöng.¹⁷² Þegar menn voru ekki bundnir við vinnu eins og á sunnudagskvöldum og hátíðiskvöldum, skemmti fólks sér oft við tafl og spil. Taflíð var lengi tíðkað á Íslandi en vinsældir þess minnkuðu á 19. öld ef það er meðal annars borið saman við vinsældir þess á Vesturlandi um miðja 18. Öldina, til dæmis á Vestfjörðum í kafla Eggerts og Bjarna.¹⁷³

Samantekt

Þeir Eggert og Bjarni voru ekki hrifnir af því hversu lítið Íslendingar voru fyrir að skemmta sér. Þeir töldu að að margir af þeim gömlu siðum sem ekki tíðkuðust í sama mæli og áður, til dæmis glíma og sagnalestur myndu gera þá ögn glaðlyndari. Ástandinu á Suðurlandi lýstu þeir þannig að menn stunduðu glímunu að kappi við sjávarsíðuna en að sagnalesturinn væri á undanhaldi, einkum í Kjósarsýslu. Álit þeirra á íbúum Suðurlands var þá almennt þannig að þeir væru fjarri því að vera glaðlyndir og að menn ferðuðust hvergi minna á landinu en í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Um skemmtun Norðlendinga höfðu þeir svipaða sögu að segja nema að þeir gerðu það að gamni sínu að ferðast fram og til baka. Sérstaklega Skagfirðingar og Húnvetningar sem þeir töldu vera þá léttlyndustu í fjórðungnum.

¹⁷¹ Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls.225.

¹⁷² Ebernezer Henderson, *Ferðabók*, bls. 226.

¹⁷³ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 248.

Á Vesturlandi höfðu íbúar skemmtanir lítt um hönd að mati þeirra Eggerts og Bjarna en þeir töldu þá jafnvel hneigða til þunglyndis. Slíkt hið sama höfðu þeir að segja um íbúa Austurlands. Að lokum gerði Ebenezer Henderson athyglisverða lýsingu á kvöldvökum Íslendinga þar sem höfuðskemmtun sagnalesturinn fór fram.

Niðurstöður

Markmið ritgerðarinnar var að komast að því hvort að hugmyndir um héraðamun á mönnum og menningu hafi tíðkast á Íslandi á tímabilinu 1750 til 1850. Í ljósi þess voru ferðabækur bæði íslenskra og erlendra ferðalanga skoðaðar. Þá voru ýmsar frásagnir og rannsóknir hafðar til hliðsjónar.

Þeir erlendu ferðamenn sem komu hingað til landsins höfðu nokkuð ólíkar skoðanir á Íslendingum og háttum þeirra. Það sem einkenndi skoðanir þeirra voru lýsingar sem þeir eignuðu Íslendingum. Markmið þeirra var ekki að bera Íslendinga saman eftir héruðum heldur við eigin þjóð eða það sem þeir þekktu.

Varðandi þær hugmyndir er vörðuðu útlit og líkamsvöxt Íslendinga var álit erlendu ferðalangana yfirleitt á þá leið að Íslendingar væru háir, hraustir og sterkbyggðir. Þeir Eggert og Bjarni gerðu þó meiri greinarmun eftir héruðum en þar stóðu upp úr skoðanir þeirra á íbúunum við sjávarsíðurnar á Suður-og Vesturlandi. Þar sem þeir töldu fólkið lakara og ófríðara en annars staðar á landinu en skoðanir Stanley rímuðu einnig við þær skoðanir þeirra félagar. Þá tíðkuðust ennig frásagnir af harðfengi Norðlendinga.

Hugmyndirnar um mun á skapsmunum manna eftir héruðum voru hinsvegar sterkari. Þar voru skoðanir erlendu ferðalangana á Íslendingum nokkuð ólíkar. Þeir Horrebow, Holland og Gaimard voru hrifnari af lundarfari landsmanna en Stanley. Í lýsingum þeirra Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar annarsvegar og Sveins Pálssonar hinsvegar mátti þó greina verulegan héraðamun á skapsmunum, hugarfari og lundarfari en lýsingar þeirra rímuðu nokkuð vel hvor við aðra. Í þessum lýsingum lýstu þeir sérkennum og tilhneygingum íbúa héraðana sem segir að menn hafi litið svo á að skapsmunir manna hafi verið ólíkir eftir héruðum.

Eftir rannsókn þeirra Eggerts og Bjarna á málfari Íslendinga kom einnig í ljós að það hafi verið ólíkt eftir héruðum. Málið þótti hreinna á Austurlandi en annars staðar á landinu en hvergi eins bjagað og á Suðurlandi en Rasmus Rask tók í sama streng. Þá virðist framburður hafa verið nokkuð ólíkur eftir héruðum enda hugmyndir um mállýskur á borð við sunnlensku, norðlensku, vestfirsku og austfirsku.

Það athyglisverðasta sem kom í ljós í kaflanum um híbýli og hreinlæti voru þær skoðanir manna sem tengdust híbýlum við sjávarsíðuna og hreinlæti þeirra. Þar sögðu Eggert og Bjarni frá því að húsin væru yfirleitt verri og sóðalegri en annars staðar á landinu. Þá fannst þeim einnig leitt að erlendu ferðalangarnir þekktu best til á

Þessum slóðum en það sést glögglega í lýsingum ferðalanga sem voru nokkuð einróma um það að einkenni hífýlana væri óhreinlæti og sóðaskapur. Í því samhengi má einnig benda á þá skoðun Henry Holland um að hreinlæti hefði aukist stórlega þegar hann kom í uppsveitir landsins.

Um matarvenjur Íslendinga var skoðun erlendra ferðalanga aðallega sú að mataræðið væri fábreytt. Þeir Eggert og Bjarni sögðu hinsvegar frá því að fiskmeti væri mun algengara við sjávarsíðuna en í uppsveitum landsins.

Í klæðnaði var það helst íslenski kvenbúningurinn sem vakti athygli erlendra ferðalanga. Þá virðist ekki hafa verið gerður mikill greinarmunur klæðnaði eftir héruðum. Þó er rétt að benda á að Troil taldi svo vera að klæðaburður manna í Arnarfirði væri ólíkur öllum öðrum klæðnaði á landinu. Einnig þau orð sýslumanna sunnanlands um að klæðnaðurinn þar hafi verið tilbreytingarminni en klæðnaður norðanlands. Að öðru leyti er ekki hægt að tala um að skoðanir og hugmyndir manna á héraðamuni í þessum efnisþætti hafi verið sláandi.

Bæði erlendir og íslenskir ferðalangar töluðu um að helstu störf landsmanna væru landbúnaður og fiskveiðar. Þar var munurinn á milli héraða í megindrátum sá að í sumum héruðum var aðaláherslan á fiskveiðar meðan önnur héruð lögðu áherslu á landbúnað en þeir Eggert og Bjarni álitu svo að aðeins fáir hefðu tök á að stunda báðar greinarnar af kappi. Í lýsingum Eggerts og Bjarna, Henderson og sýslumanna má einnig sjá að mismiklar kvaðir hafi verið lagðar á vermenn í sýslum landsins. Þar voru það vermennirnir á Norður- og Vesturlandi sem þurftu að fara langar leiðir á verstöðvar í öðrum héruðum eða sýslum. Þá virðast ákveðnar hugmyndir hafa verið um handleikni Íslendinga. Slíka menn var að finna í öllum héruðum að sögn Eggerts og Bjarna en þessir menn voru ekki iðnmenntaðir heldur sjálflærðir. Iðnmenntaða menn var hinsvegar aðallega að finna í Gullbringusýslu og því hægt að segja að hún hafi skorið sig nokkuð úr.

Að lokum má telja það ljóst að skemmtun Íslendinga hafi ekki verið fjölbreytt með skírskotun í hugmyndir þeirra Eggerts og Bjarna. Þar töldu þeir Sunnlendinga vera lítið fyrir skemmtanir og sögðu að menn ferðuðust hvergi minna en í Gullbringusýslu. Norðlendingar virtust þó ólíkir þeim á þann hátt að þeir ferðuðust sér til gamans, einkum Skagfirðingar og Húnavetningar. Þeir félagar höfðu ögn meiri áhyggjur af íbúum Vestur- og Austurlands en þeir töldu þá lítið fyrir skemmtanir og hneigða til þunglyndis. Það má því segja að hugmyndir um mun á mönnum og menningu eftir héruðum hafi verið til staðar á Íslandi. Slíkar hugmyndir verður þó að skoða með það að leiðarljósi

að ómögulegt var að kanna eða sannreyna að slíkar hugmyndir ættu við um héraðið allt. Þessar hugmyndirnar voru því gjarnan sprotnar úr ólíkum áttum. Þannig gátu þær verið byggðar á heimildarmönnum, uppspuna, sögusögnum eða þeirri ályktun að stór hluti ákveðins héraðs bæri þau sérkenni sem um var rætt.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Árni Böðvarsson, *Íslenskt málfar* (Reykjavík 1992)

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.

Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna (Reykjavík 1979)

Dalassýsla. Sókna- og sýslulýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855. Einar

G. Pétursson sá um útgáfuna (Reykjavík 2003)

Ebernezer Henderson, *Ferðabók. Snæbjörn Jónsson þýddi* (Reykjavík 1957)

Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Um ferðir*

þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Bindi I. Steindór Steindórsson íslenskaði árið 1942 (Reykjavík 1981)

Eggert Ólafsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Um ferðir*

þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Bindi II. Steindór Steindórsson íslenskaði árið 1942 (Reykjavík 1981)

Eugéne Robert, *Saga Íslandsferðanna í Gaimiard leiðangrinum 1835-1836.* Guðrún

Guðmundsóttir þýddi (Reykjavík 2007)

Eyjarfjarðarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. 1839-

1854. Magnús Kristinsson sá um útgáfu (Reykjavík 1972)

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags

1839-1855. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna (Reykjavík 2007)

Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874“, *Saga Íslands IX.*

Ritstjórar Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason (Reykjavík 2008) bls. 167-367.

Helga Kristín Gunnarsdóttir, „Eggert Ólafsson skáld og upplýsingarmaður“, *Ritmennt*

5 (2000) bls. 102-111.

Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð. Þýðandi Steindór Steindórsson*

(Reykjavík 1960)

Húnavatnssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873.

Jón Eypórsson bjó til prentunar (Reykjavík 1950)

- John Stanley, *Íslandsleiðangur Stanleys 1789*. Steindór Steindórsson íslenskaði (Reykjavík 1979)
- Jón Aðalsteinn Jónsson, „Íslenzkar mállýzkur“ *Pættir um íslenskt mál. Eftir nokkra málfraeðinga*. Ritstjóri Halldór Halldórsson (Reykjavík 1964) bls. 65-87.
- Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir* (Reykjavík 2010)
- Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málhreinsun: Sögulegt yfirlit* (Reykjavík 1990)
- Lýður Björnsson, „Frá Skaftáreldum til Almennu bænaskrárinnar 1783-1795“ *Saga Íslands VIII*. Ritstjóri Sigurður Líndal (Reykjavík 2006) bls. 203-270.
- Lýður Björnsson, „Upplýsing og Innréttingar 1741-1783“, *Saga Íslands VIII*. Ritstjóri Sigurður Líndal (Reykjavík 2006) bls. 109-197.
- Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar“ *Saga Íslands VIII*. Ritstjóri Sigurður Líndal (Reykjavík 2006) bls. 5-58.
- Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. útg. Finnur N Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (Reykjavík 2000)
- Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna (Reykjavík 2005)
- Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*. Steindór Steindórsson íslenskaði (Reykjavík 1966)
- Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845 og 1872-1873*. Árni Böðvarsson sá um útgáfuna (Reykjavík 1968)
- Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna (Reykjavík 1997)
- Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags*. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna (Reykjavík 1970)
- Sumarliði Ísleifsson, *Ísland. Framandi land* (Reykjavík 1996)
- Sveinn Pálsson, *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. Jón Eyþórsson bjó til prentunar (Reykjavík 1945)

Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. 1839-1844

Útg. Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir

(Reykjavík 1994)